



**KÖNNUN Á FÉLAGSLEGRI STÖÐU
HEYRNARLAUSRA**

**Unnið fyrir
Félagsmálaráðuneytið**

**Guðmundur Ævar Oddsson
Hekla Gunnarsdóttir**

September 2004

Efnisyfirlit

<i>I. Samantekt</i>	9
<i>1. Inngangur</i>	11
<i>2. Söfnun gagna</i>	13
<i>3. Bakgrunnur þátttakenda</i>	15
3.1. Hjúskaparstaða	17
3.2. Barneignir.....	20
3.3. Fjöldi á heimili	21
3.4. Hverjir búa á heimili þínu, fyrir utan þig?.....	22
3.5. Hvernig býrð þú?	24
3.6. Heildartekjur heimilis á mánuði.....	27
3.7. Heimilisaðstoð	29
3.8. Fjölskylduaðstoð	30
3.9. Önnur fötlun en heyrnarskerðing	32
<i>4. Menntun</i>	35
4.1. Hvaða námi hefur þú lokið?.....	35
4.2. Kennsla í grunnskóla	36
4.3. Hefur þú getað nýtt þér þá menntun sem þú hlaut í grunnskóla?	37
4.4. Ef þú hefur lokið öðru námi en grunnskóla fékkstu þá túlkun í því námi?.....	39
<i>5. Vinna</i>	41
5.1. Atvinnuþátttaka.....	41
5.2. Fullt starf.....	42
5.3. Starfsvettvangur.....	44
5.4. Vinnur þú fleiri en eina vinnu?.....	45
5.5. Tvö eða fleiri hlutastörf til að ná upp í 100% starf.....	46
5.6. Starfstími á núverandi vinnustað	46
5.8. Lengstur samfelldur starfstími á einum vinnustað	47
5.9. Afstaða til þess hvort það sé erfitt að fá vinnu	50
5.10. Líðan í vinnu	51
5.11. Líðan tengd vinnu	52
<i>6. Félagslíf</i>	55
6.1. Íþróttaiðkun	55
6.2. Með hverjum eru íþróttir stundaðar.....	55
6.3. Vinir heyrnarlausra.....	56
6.4. Hversu oft hittir þú vini þína?	57
6.5. Ferð þú oft í heimsóknir?	58
6.6. Ef þú ferð oft í heimsóknir, hversu oft ferðu þá?.....	58
6.7. Færð þú margar heimsóknir?.....	59
6.8. Ef þú færð oft heimsóknir færðu þá heimsóknir?.....	60
6.9. Bíósókn	62
6.10. Ef já, hversu oft ferðu í bíó?	63

6.11. Ferðu oft á böll og bari?	63
6.12. Ef já, ferðu oft á böll og bari?	64
6.13. Félagsstarf	64
6.14. Ferðalög innanlands	65
6.15. Ferðalög erlendis.....	66
6.16. Einmanaleiki	67
7. Samskipti í daglegu lífi	71
7.1. Þörf fyrir túlk.....	71
7.2. Þegar þú þarft á túlki að halda, getur þú þá fengið túlk?	72
7.3. Af hverju getur þú ekki fengið túlk?	73
7.4. Notkun SMS	74
7.5. Notkun tölvu.....	75
7.6. Ef já, hvernig þá mest?.....	75
8. Fjölmíðlanotkun.....	77
8.1. Blaða- og bókalestur	77
8.2. Viðhorf til lesturs	78
8.3. Þekkingar- og upplýsingaveitur.....	79
8.4. Sjónvarpsáhorf.....	80
8.5. Sjónvarpsefni.....	81
8.6. Tákn málsfréttir	81
8.7. Áhorf á tákn málsfréttir	82
9. Niðurlag.....	83
10. Heimildir.....	87
11. Viðauki	89
11.1. Samanburður á könnunum 1988 og 2004	89
11.2. Spurningalisti	95

Myndaskrá

Mynd 1. Samanburður á aldursdreifingu svarenda og þeirra sem fengu könnunina í hendurnar.	16
Mynd 2. Kynjahlutfall svarenda í könnun 2004 og könnun 1988.	17
Mynd 3. Kynjahlutfall þeirra sem fengu könnunina 2004.	17
Mynd 4. Hjúskaparstaða heyrnarlausra árið 2004.	18
Mynd 5. Hjúskaparstaða heyrnarlausra, samanburður milli kannana 2004 og 1988.	19
Mynd 6. Hjúskaparstaða heyrnarlausra árið 2004, samanburður milli kynjanna.	20
Mynd 7. Barneignir heyrnarlausra 2004 og 1988.	21
Mynd 8. Fjöldi á heimili. Samanburður á ástandi 2004 og 1988.	22
Mynd 9. Fjöldi á heimilum þeirra sem eru einhleypir, ekki í sambúð og ekki í sambandi.	22
Mynd 10. Hverjir búa á heimilum heyrnarlausra, auk þeirra sjálfra.	23
Mynd 11. Hjúskaparstaða heyrnarlausra sem búa með foreldrum.	23
Mynd 12. Aldursskipting heyrnarlausra sem búa einir.	24
Mynd 13. Búsetumáti heyrnarlausra.	24
Mynd 14. Búsetumáti heyrnarlausra, samanburður milli könnunar 2004 og 1988.	25
Mynd 15. Hlutfall svarenda í eigin húsnæði með tilliti til heimilistekna fyrir skatta á mánuði.	26
Mynd 16. Hlutfallsleg skipting búsetumáta, m. t. t. hjúskaparstöðu.	26
Mynd 17. Heildartekjur heimila heyrnarlausra á mánuði fyrir skatta.	27
Mynd 18. Skipting heyrnarlausra einstaklinga með 150 þúsund krónur eða minni heimilistekjur, m. t. t. hjúskaparstöðu.	29
Mynd 19. Heimilisaðstoð við heyrnarlausra.	29
Mynd 20. Hlutfall heyrnarlausra sem fá heimilisaðstoð, m. t. t. hjúskaparstöðu.	30
Mynd 21. Færð þú fjölskylduaðstoð?	31
Mynd 22. Hlutfall heyrnarlausra sem fá fjölskylduaðstoð, m. t. t. hjúskaparstöðu.	31
Mynd 23. Hlutfall heyrnarlausra sem hafa aðra fötlun en heyrnarskerðingu.	33
Mynd 24. Upplýsingar um nám heyrnarlausra.	36
Mynd 25. Kennsla heyrnarlausra í grunnskóla.	37
Mynd 26. Hagnýting grunnskólanáms hjá heyrnarlausum.	37
Mynd 27. Afstaða til hagnýtingar grunnskólanáms hjá heyrnarlausum, m. t. t. kyns.	38
Mynd 28. Afstaða heyrnarlausra til hagnýtingar grunnskólakennslu, etir því hvort kennari talaði einungis íslensku eða hvort hann beitti táknmáli og íslensku í bland.	39
Mynd 29. Ef þú hefur lokið öðru námi en grunnskóla fékkstu þá túlkun í því námi?	39
Mynd 30. Atvinnuþátttaka heyrnarlausra.	42
Mynd 31. Hlutfall heyrnarlausra sem vinna og eru í fullu starfi.	43
Mynd 32. Samanburður á atvinnuþátttöku karla og kvenna.	44
Mynd 33. Yfirlit yfir vinnu svarenda.	45
Mynd 34. Hlutfall heyrnarlausra sem vinna fleiri en eina vinnu.	45
Mynd 35. Hlutfall heyrnarlausra sem vinna fleiri en eitt starf til þess að ná upp í 100% starfshlutfall. ...	46

Mynd 36. Hve lengi hefur þú starfað á þeim vinnustað sem þú ert á núna?	47
Mynd 37. Hversu lengi hefur þú unnið samfellt á einum vinnustað?	49
Mynd 38. Samanburður á hámarks starfstíma heyrnaskertra og heyrnarlausra í fyrirtæki milli kynja.	49
Mynd 39. Er almennt erfitt að fá vinnu?.....	50
Mynd 40. Samanburður milli heyrnarlausra karla og kvenna, m. t. t. afstöðu til þess hvort erfitt sé að verða sér úti um vinnu.	51
Mynd 41. Hvernig líður þér í vinnunni?	51
Mynd 42. Líðan heyrnarlausra í vinnu, samanburður milli kynjanna.	52
Mynd 43. Afstaða svarenda til mismunandi fullyrðinga.	53
Mynd 44. Íþróttaiðkun.	55
Mynd 45. Yfirlit yfir hverja heyrnarlausir stunda íþróttir með.	56
Mynd 46. Einkenni vina heyrnarlausra.	56
Mynd 47. Einkenni vina heyrnarlausra, samanburður milli kynja.	57
Mynd 48. Yfirlit yfir hversu oft svarendur hitta vini sína.	58
Mynd 49. Yfirlit yfir hversu oft heyrnarlausir fara í heimsókn til vina.	58
Mynd 50. Yfirlit yfir hversu oft svarendur fara í heimsóknir.	59
Mynd 51. Yfirlit yfir frá hverjum heyrnarlausir fá heimsóknir.	59
Mynd 52. Yfirlit yfir hversu oft heyrnarlausir fá heimsóknir.	60
Mynd 53. Yfirlit úr könnun frá 1988 yfir hversu oft heyrnarlausir fá heimsóknir.	61
Mynd 54. Heimsóknir til aldurshópsins 40 ára og eldri meðal heyrnarlausra.	62
Mynd 55. Heimsóknir til aldurshópsins 20 til 39 ára meðal heyrnarlausra.	62
Mynd 56. Bíósókn heyrnarlausra.	63
Mynd 57. Yfirlit yfir bíósókn heyrnarlausra.	63
Mynd 58. Ferðir heyrnarlausra á böll og bari.	64
Mynd 59. Tíðni balla- og baraheimsókna hjá heyrnarlausum.	64
Mynd 60. Reglulegt félagsstarf heyrnarlausra.	65
Mynd 61. Ferðlög heyrnarlausra innanlands.	66
Mynd 62. Ferðlög heyrnarlausra erlendis.	67
Mynd 63. Einmanaleiki meðal heyrnaraskertra og heyrnarlausra.	68
Mynd 64. Einmanaleiki heyrnarlausra, samanburður milli kynjanna.	68
Mynd 65. Einmanaleiki meðal heyrnarlausra, m. t. t. hjúskaparstöðu.	69
Mynd 66. Þörf heyrnarlausa fyrir túlk.	71
Mynd 67. Þörf heyrnarlausa fyrir túlk, niðurstöður út könnun árið 1988.	72
Mynd 68. Aðgengi heyrnarlausra að túlk.	73
Mynd 69. Ástæður fyrir því að ekki fæst túlkur.	74
Mynd 70. Notkun heyrnarlausra á SMS.	74
Mynd 71. Tölvunotkun heyrnarlausra.	75
Mynd 72. Yfirlit tölvunotkun heyrnarlausra.	76

<i>Mynd 73. Lestur heyrnarlausra.....</i>	<i>77</i>
<i>Mynd 74. Lestur heyrnarlausra, samanburður milli kynjanna.....</i>	<i>78</i>
<i>Mynd 75. Afstaða heyrnarlausra til lestrar.....</i>	<i>78</i>
<i>Mynd 76. Þekkingar- og upplýsingaveitur heyrnarlausra.....</i>	<i>79</i>
<i>Mynd 77. Aðrar þekkingar- og upplýsingaveitur heyrnarlausra.....</i>	<i>80</i>
<i>Mynd 78. Sjónvarpsnotkun heyrnarlausra.....</i>	<i>80</i>
<i>Mynd 79. Sjónvarpsáhorf heyrnarlausra, eftir dagskrárefni.....</i>	<i>81</i>
<i>Mynd 80. Áhorf heyrnarlausra á táknafréttir.....</i>	<i>82</i>
<i>Mynd 81. Áhorf heyrnarlausra á táknafréttir.....</i>	<i>82</i>
<i>Mynd 82. Kynjahlutfall svarenda í könnun 2004 og könnun 1988.....</i>	<i>89</i>
<i>Mynd 83. Hjúskaparstaða svarenda í könnun 2004 og 1988.....</i>	<i>89</i>
<i>Mynd 84. Barneignir heyrnarlausra í könnun 2004 og 1988.....</i>	<i>90</i>
<i>Mynd 85. Fjöldi á heimili heyrnarlausra í könnun 2004 og 1988.....</i>	<i>90</i>
<i>Mynd 86. Búsetumáti heyrnarlausra í könnun 2004 og 1988.....</i>	<i>91</i>
<i>Mynd 87. Önnur fötlun meðal heyrnarlausra í könnun 2004 og 1988.....</i>	<i>91</i>
<i>Mynd 88. Atvinnuþátttaka heyrnarlausra í könnun 2004 og 1988.....</i>	<i>92</i>
<i>Mynd 89. Hlutfall þeirra svarenda sem eru í fullu starfi af þeim sem vinna í könnun 2004 og 1988.....</i>	<i>92</i>
<i>Mynd 90. Hlutfall svarenda sem vinna tvö eða fleiri störf í könnun 2004 og 1988.....</i>	<i>93</i>

I. Samantekt

- Heyrnarlausir hér á landi er hópur sem býr við nokkra félagslega einangrun, sér í lagi karlmenn. Hópurinn hefur mikil samskipti innbyrðis en minni við heyrandi einstaklinga.
- Samskipti hópsins við heyrandi einstaklinga hafa aukist mikið frá því sem áður var og hefur dregið úr fyrrnefndri einangrun. Rekja má þessa þróun til aukins áhuga almennings á að læra táknmál, fjölgunar táknmálstúlka og aukinnar túlkabjónustu, aukinna réttinda heyrnarlausra, aukins framboðs textaðs efnis í sjónvarpi og tækni framfara, s. s. tilkomu smáskilaboða í farsímum (SMS) og tölvum (MSN).
- Stór hluti heyrnarlausra (55%) er einhleypur en samsvarandi hlutfall allra Íslendinga er 28%. Hafa ber þó í huga að hlutfall einhleypra meðal umrædds hóps var 73% í könnuninni 1988 þannig að fyrrgreind einangrun hefur verið rofin að einhverju leyti. Hér verður þó að taka tillit til áhrifa '64 kynslóðarinnar sem er fyrirferðarmikil meðal svarenda. Einstaklingar innan þessarar kynslóðar eru flestir (59%) búnir að gifta sig eða eru í sambúð í dag en voru ekki búnir að gera það í sama mæli árið 1988.
- Barneignir hafa stóraukist meðal heyrnarlausra frá könnuninni 1988 en 56% aðspurðra eiga börn í könnuninni 2004. Til samanburðar sögðust 30% aðspurðra eiga börn í könnuninni 1988.
- Menntunarstig heyrnarlausra er miklu mun lægra en gengur og gerist á Íslandi. Hér ræður mestu það menntunarumhverfi sem var til fyrir hendi þegar heyrnarlausir voru að alast upp en það skilaði sér almennt í slælegri grunnmenntun þessa hóps. Að sama skapi hefur verið lítið framboð á menntun sem sniðin er að þörfum þessa hóps og skiptir þar miklu máli skortur á túlkabjónustu.
- Heyrnarlausum helst vel á vinnu. Þetta er mikil breyting frá könnunni 1988 en niðurstöður hennar sýndu mikil vinnuskipti vegna lágra launa og einangrunar á vinnustað.
- Tæplega helmingur aðspurðra á bæði heyrnarlausum og heyrandi vini. Þetta er annað en í könnuninni 1988 en þá sögðu rúmlega 70% svarenda að allir eða flest allir vinir sínir væru heyrnarlausir. Hluta af

Því má skýra með því að fleiri heyrandi einstaklingar kunna táknmál en áður.

- Túlkaskortur fyrir heyrnarlausra er greinilega enn mikið vandamál hérlandis. Nokkuð hefur þó á unnist í þessum málaflokki, en betur má ef duga skal.
- Nokkuð sláandi er að rétt tæpur helmingur (49%) aðspurðra segist stundum vera einmana. Ekki eru til samanburðarhæfar tölur fyrir íslenskan almenning en samanburður við tölur úr norskri lífskjararannsókn rennir stoðum undir að tölur um einmanaleika meðal heyrnarlausra séu sláandi háar og ákveðið áhyggjuefni.

1. Inngangur

Í þessari skýrslu er greint frá niðurstöðum könnunar sem gerð var af Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri¹ meðal heyrnarlausra hér á landi vorið 2004. Könnuninni er ætlað að draga upp heildstæða mynd af högum og aðstæðum þessa hóps, s.s. námi, vinnu, félagslífi, samskiptum í daglegu lífi og fjölmiðlanotkun. Einnig eru niðurstöður þessarar könnunar, þar sem við á, bornar saman við niðurstöður úr könnun á högum heyrnarlausra sem gerð var árið 1988, fyrir Félagsmálaráðuneytið.

Það er Félagsmálaráðuneytið sem stendur fyrir þessari könnun en Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið styrkti verkefnið. Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri sá, sem áður sagði, um framkvæmd könnunarinnar og naut til þess fulltingis Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra. Þá veitti Félag heyrnarlausra einnig aðstoð.

Höfundar skýrslunnar eru Guðmundur Ævar Oddsson, sérfræðingur hjá RHA, sem annaðist greiningar og skýrslugerð, og Hekla Gunnarsdóttir, einnig sérfræðingur hjá RHA, sem annaðist hönnun spurninga og framkvæmd könnunar

¹ Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri (RHA) er sjálfstæð stofnun innan Háskólans á Akureyri. Hlutverk RHA er að stuðla að og styðja við vísindalega starfsemi innan Háskólans og er stofnunin tengiliður milli Háskólans og atvinnulífsins hvað varðar rannsókn- og þróunarstarf. RHA aflar tekna til starfsemi sinnar með öflun rannsóknastyrkja, verkefnum og þjónustu.

2. Söfnun gagna

Í þessum kafla er að finna upplýsingar um hvernig staðið var að umræddri könnun á högum og aðstæðum heyrnarlausra og hvernig úrvinnslu gagna var háttað.

Könnunin var gerð í febrúar og mars 2004. Könnunin auk spurningalistans var send til þátttakenda á myndbandi og var flutt á táknmáli. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra sá um að þýða spurningalistann yfir á táknmál.

Könnunin var send til allra meðlima í Félagi heyrnarlausra sem náð hafa 18 ára aldri, samtals 156 einstaklingar. Af þeim svöruðu alls 93 og svarhlutfall því 59,6%. Einungis örfáir einstaklingar, sem ættu heima í Félagi heyrnarlausra, eru ekki meðlimir í félaginu og fengu þ.a.l. ekki könnunina í hendurnar.

Í skýrslunni eru athuguð svör fólks við fjölmörgum spurningum sem ætlað er að meta ýmsa þætti í högum heyrnarlausra. Þessar spurningar eru greindar eftir nokkrum bakgrunnspáttum þar á meðal kynferði, aldri, fjölskyldu-högum, heimilistekjum o. s. frv.

Notast var við söfnun upplýsinga sem tryggir að öll svör séu órekjanleg og að í öllu sé farið eftir reglum Persónuverndar um öflun og meðferð persónuupplýsinga.

Niðurstöður úr þessari könnun eru settar fram í þessari skýrslu þar sem greiningar eru settar fram í myndum sem sýna hlutfall og fjölda þeirra sem svara á tiltekinn hátt. Áreiðanleiki niðurstaðna í þessari könnun var metinn með viðeigandi tölfræðilegum aðferðum í hvert sinn og er tekið mið að slíkri greiningu í umræðunni um tengsl milli svara við einstökum spurningum og þeirra bakgrunnspátta sem til skoðunar eru. Þar sem við á eru skoðuð tengsl svara við spurningum við hinar ýmsu bakgrunnsbreytur.

3. Bakgrunnur þátttakenda

Í þessum kafla er að finna almennar upplýsingar um þátttakendur í könnuninni en spurt er ýmissa spurninga er varða einstaklinginn sjálfan og hans persónulegu hagi.

Þeir bakgrunnspættir sem hér eru til skoðunar eru:

- búskaparstaða.
- barneignir.
- fjöldi á heimili.
- hverjir búa á heimili.
- hvernig svarendur búa.
- heildartekjur heimilis fyrir skatta.
- hvort svarendur fái heimilis- og/eða fjölskylduaðstoð.
- hvort svarendur glími við aðra fötlun en heymarskerðingu.


Skoðað verður hvernig svör við ýmsum spurningum í þessari könnun tengjast þessum bakgrunnspáttum.

Sem fyrr sagði, var könnunin send á 156 aðila, þar af 79 karla og 77 konur og kynjahlutfallið í úrtakinu því 51% karlar og 49% konur. Alls svöruðu 93 einstaklingar könnuninni, þar af voru 51 karlmaður og 42 konur. Kynjahlutfallið meðal svarenda er 55% karlar og 45% konur. Karlar voru ívið duglegri við að svara könnuninni en 65% þeirra svöruðu en 55% kvenna.

Yngstu þátttakendurnir í könnuninni voru 20 ára en sá elsti 77 ára. Meðalaldur svarenda er 46,7 ár og miðgildið er 43 ár. Fimm einstaklingar skráðu ekki inn aldur. Aldursdreifingin meðal svarenda er mjög sambærileg við aldursdreifingu úrtaksins (sjá mynd 1).

Athygli er vakin á því að stórt hlutfall þeirra sem fengu og svöruðu könnuninni eru fæddir árið 1964 og eru því á fertugasta aldursári. Ástæða þessa er sú stórt hlutfall heyrnarlausra héraendis er einmitt fæddur þetta sama


ár. Umrætt ár geisaði rauðu hunda faraldur hér á landi og margar barnshafandi konur smituðust með þeim afleiðingum að börn þeirra fæddust heyrnarlaus.²



Mynd 1. Samanburður á aldursdreifingu svarenda og þeirra sem fengu könnunina í hendurnar.


Þar sem hægt er með góðu mótí og víðeigandi þykir verða niðurstöður könnunarinnar bornar saman við könnun sem framkvæmd var á högum heyrnarlausra árið 1988. Kynjahlutfall þeirrar könnunar var að 46% svarenda voru karlar en 54% voru konur – eða nokkuð annað en nú.

² Laila Margrét Arnþórsdóttir 2004.



Mynd 2. Kynjahlutfall svarenda í könnun 2004 og könnun 1988.

n = 156




Mynd 3. Kynjahlutfall þeirra sem fengu könnunina 2004.

3.1. Hjúskaparstaða

Meirihluti svarenda er ógiftur en hlutfall giftra er 24% miðað við 23% í sambærilegri könnun frá 1988. Sem áður gæti ástæðan fyrir hinu lága hlutfalli giftra verið sú að heyrnarlausir umgangist lítið hina heyrandi og lítið sé því um giftingar milli þessara tveggja hópa. Sambærilegt hlutfall giftra meðal allra Íslendinga á aldrinum 20 til 79 ára, sem er sambærileg

aldursdreifingu svarenda, var 50% í árslok 2003³. Alls eru 67% þeirra svarenda sem eru giftir á aldrinum 30 til 54 ára. Enginn svarenda undir þrítugu er hinsvegar giftur. Athygli vekur að 55% aðspurðra eru einhleypir, þ. e. ekki í sambúð og ekki í sambandi. Sambærilegt hlutfall í könnuninni 1988 var 73%. Einn stærsti munurinn virðist felast í því að hærra hlutfall, 12%, er í sambúð árið 2004 en 1988 (4%). Þess má geta að hlutfall einhleypa Íslendinga í aldurshópnum 20 til 79 ára var í árslok 2003 einungis 28%⁴.



Mynd 4. Hjúskaparstaða heyrnarlausra árið 2004.

Ástæða þess að svo margir úr hópi heyrnarlausra eru einhleypir er eflaust af sama meiddi og af hverju svo lágt hlutfall heyrnarlausra eru giftir, þ. e. ákveðin félagsleg einangrun vegna lítilla samskipta við hinn fjölmenna hóp heyrandi einstaklinga. Heyrnarlausir hafa á hinn bóginn mikil samskipti innbyrðis. Talað er til að mynda um menningu heyrnarlausra eða menningu Döffa en heyrnarlausir líta á sig sem mál-og menningarminnihlutahóp.

Þetta ástand horfir þó til betri vegar nú, m.a. vegna þess að áhugi almennings á að læra táknmál hefur aukist gífurlega síðustu ár og er töluvert meiri en árið 1988. Að sama skapi hefur táknmálstúlkum fjölgað á sama tímabili og


³ Hagstofa Íslands 2003

⁴ Hagstofa Íslands 2003

túlkajónusta aukist samfara því.⁵ Það má benda á að frá 1991 þegar Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra tók til starfa hefur þar verið boðið upp á túlkajónustu og táknmálsnámskeið. Um 4000 heyrandi hafa til að mynda sótt táknmálsnámskeið á stöðina frá upphafi.⁶

Önnur ástæða fyrir því að hlutfall einhleypra meðal heyrnarlausra hefur minnkað er sú að einstaklingar í hinum stóra '64 árgangi eru í mörgum tilfellum giftir eða eru í sambúð. Sem dæmi að þá eru 59% svarenda í þessari könnun sem fæddir eru 1964 annað hvort giftir eða í sambúð. Þetta var ekki uppi á teningnum 1988 þegar umræddir einstaklingar voru 24 ára gamlir.

Varðandi einangrun heyrnarlausra almennt þá hefur einnig dregið úr henni í kjölfar aukinna réttinda, aukins framboðs textaðs efnis í sjónvarpi og tækniframfara, s. s. tilkomu smáskilaboða í farsímum (SMS) og tölvum (MSN).




Mynd 5. Hjúskaparstaða heyrnarlausra, samanburður milli kannana 2004 og 1988.

Lítill munur er á hjúskaparstöðu svarenda eftir kyni. Það er helst til að nefna að ríflega tvöfalt fleiri konur en karlar eru í sambúð, 17% kvenna gegn 8% karla.

⁵ Hafdís Gísladóttir 2004.

⁶ Valgerður Stefánsdóttir 2004.




Mynd 6. Hjúskaparstaða heyrnarlausra árið 2004, samanburður milli kynjanna.

3.2. Barneignir

Í þessari könnun kemur fram að 56% aðspurðra eiga börn. Til samanburðar sögðust 30% svarenda eiga börn í könnuninni 1988. Hærra hlutfall einstaklinga með börn í könnunni 2004 má að hluta til skýra með því að í könnuninni 1988 var einungis miðað við börn yngri en 20 ára en engin aldurstakmörk voru í könnuninni 2004. Þá er einnig hærra hlutfall í sambúð eða í sambandi í könnuninni 2004 en 1988 og skýrir það að hluta til auknar barneignir meðal umrædds hóps. Hærra hlutfall aðspurðra kvenna (67%) á börn en karlar (45%). Mikill meirihluti, eða 93%, svarenda sem eru giftir eða eru í sambúð, eiga börn og þar af allir þeirra sem eru í sambúð. Einungis 22% þeirra sem eru í sambandi eiga börn og 35% þeirra sem eru einhleypir.


Þess ber að geta að 65% hins stóra '64 árgangs meðal svarenda á börn og hefur það áhrif til hækkunar barneignahlutfallsins meðal svarenda. Áhrifin eru þó ekki meiri en svo að sé umræddur árgangur tekinn út úr dæminu segjast samt sem áður 54% svarenda eiga börn.



Mynd 7. Barneignir heyrnarlausra 2004 og 1988.


3.3. Fjöldi á heimili

Flestir svarenda búa einir (28%) eða við annan mann (25%). Fyrri talan lýsir svipuðu ástandi og 1988 en þá bjuggu einnig 28% aðspurðra einir á heimili. Þess má geta að 64% þeirra svarenda sem búa einir eru karlmenn. Fimmtán prósent bjuggu við annan mann árið 1988 en hlutfallið er, eins og kom fram áður, 25% í dag. Alls búa 44% þeirra sem eru ekki giftir eða ekki í sambúð einir í húsnæði. Árið 1988 var þetta hlutfall rúmur fjórðungur. Alls búa 58% giftira einstaklinga á heimilum sem telja fjóra til sex einstaklinga.



Mynd 8. Fjöldi á heimili. Samanburður á ástandi 2004 og 1988.


Fróðlegt er að skoða hversu margir búa á heimilum fjölmennasta hópsins þegar litið er til hjúskaparstöðu, þ. e. þeirra sem eru einhleypir, ekki í sambúð og ekki í sambandi. Rétt tæplega tveir þriðju þessa hóps býr einn eða við annan mann og þar af búa 45% einir.



Mynd 9. Fjöldi á heimilum þeirra sem eru einhleypir, ekki í sambúð og ekki í sambandi.


3.4. Hverjir búa á heimili þínu, fyrir utan þig?

Flestir svarenda búa með maka, eða 33%. Þar á eftir koma börn á aldrinum 6 til 16 ára (24%). Þá hafa 17% svarenda foreldra á heimili sínu og 15% hafa börn á aldrinum 0 til 5 ára. Athygli vekur að 19% búa með öðrum en maka, börnum, foreldrum eða systkinum. Þar gæti verið um að ræða vini eða sambýlinga af öðrum toga.



Mynd 10. Hverjir búa á heimilum heyrnarlausra, auk þeirra sjálfra.


Enginn af þeim svarendum sem búa með foreldrum sínum er giftur eða í sambúð. Stærstur hluti (75%) þeirra er einhleypur, ekki í sambúð og ekki í sambandi.



Mynd 11. Hjúskaparstaða heyrnarlausra sem búa með foreldrum.

Tveir þriðju af þeim sem búa einir eru á aldrinum 20 til 32 ára.


n = 15



Mynd 12. Aldursskipting heyrnarlausra sem búa einir.


3.5. Hvernig býrð þú?

Flestir svarenda búa í eigin húsnæði eða 66%. Alls búa 21% í leiguhúsnæði en 13% búa hjá foreldrum eða ættingjum. Árið 1988 áttu 39% svarenda heima í eigin húsnæði og 13% leigðu. Þá bjuggu sömuleiðis 29% hjá foreldrum, 4% hjá systkinum, 3% hjá öðrum ættingjum 7% á sambýli og 4% annars staðar.




Mynd 13. Búsetumáti heyrnarlausra.

Ástæðu þess að fleiri búa í eigin húsnæði má rekja til þess að almennt býr hærra hlutfall Íslendinga í eigin húsnæði í dag samanborið við 1988. Það er sömuleiðis auðveldara í dag fyrir fólk að verða sér út um húsnæðislán og þ. a. l. einfaldara að vera eignast eigið húsnæði. Þá er einnig hinn stóri 1964 árgangur, sem greint var frá áður, búinn að koma sér þaki yfir höfuðið og það getur skipt máli í þessu sambandi þar sem um jafn fjölmennan hóp er að ræða. Þegar könnunin árið 1988 var gerð var umræddur hópur á 24. aldursári og fæstir búnir eignast eigið húsnæði.




Mynd 14. Búsetumáti heyrnarlausra, samanburður milli könnunar 2004 og 1988.

Rétt eins og almennt gerist þá eykst hlutfall svarenda sem búa í eigin húsnæði á kostnað þeirra sem búa í leiguhúsnæði eða hjá foreldrum/ættingjum eftir því sem tekjur heimilisins aukast. Sem dæmi þá búa tæp 48% svarenda með heimilistekjur upp á 100 þúsund krónur eða minna fyrir skatta á mánuði í eigin húsnæði. Þetta hlutfall er hinsvegar strax komið upp í 75% fyrir heimili svarenda með 150 þúsund krónur eða minna og nær mest 83% fyrir svarendur með heimilistekjur á milli 301 og 350 þúsund krónur á mánuði.



Mynd 15. Hlutfall svarenda í eigin húsnæði með tilliti til heimilistekna fyrir skatta á mánuði.


Þeir svarendur sem eru giftir eða í sambúð eru mun líklegri en aðrir til þess að búa í eigin húsnæði. Sem dæmi þá búa 95% aðspurðra sem eru giftir í eigin húsnæði en einungis 51% þeirra sem eru einhleypir, ekki í sambúð og ekki í sambandi eða eru í sambandi en ekki í sambúð.



Mynd 16. Hlutfallsleg skipting búsetumáta, m. t. t. hjúskaparstöðu.

3.6. Heildartekjur heimilis á mánuði

Sextíu og eitt prósent heimila aðspurðra hafa 150 þúsund krónur eða minna í heildartekjur á mánuði. Hæst hlutfall heimila, eða 33%, hefur innan við 100 þúsund krónur í heildartekjur og 28% hafa á milli 101 og 150 þúsund krónur í heildartekjur á mánuði. Af umræddum heimilum með 150 þúsund krónur eða minna eru 61% eins eða tveggja manna heimili. Þá eru 69% heimila með 100 þúsund krónur eða minna heimili einstaklinga sem eru einhleypir, ekki í sambúð eða ekki í sambandi. Svipaða sögu er af segja að heimilum með milli 101 og 150 þúsund krónur í heildartekjur, en þar eru 67% heimili einstaklinga sem eru einhleypir, ekki í sambúð og ekki í sambandi.



Mynd 17. Heildartekjur heimila heyrnarlausra á mánuði fyrir skatta.

Athyglisvert er að skoða nánar svarendur sem eru með 150 þúsund krónur eða minni heildartekjur heimilis á mánuði en innan þessa hóps raðast, eins og áður sagði, 61% svarenda. Í þessum hópi er mikill meirihluti (68%) einhleypur, ekki í sambúð og ekki í sambandi. Mesta athygli vekur hinsvegar að 17% aðspurðra eru giftir. Þegar leitað er skýringa á lágum heimilistekjum kemur í ljós að 43% þeirra svarenda, sem koma frá heimilum sem hafa 150 þúsund krónur eða minni heimilistekjur á mánuði, hafa aðra fötlun auk heyrnarskerðingarinnar. Fjörutíu prósent þessa hóps er sömuleiðis ekki á vinnumarkaðnum. Önnur skýring á lágum tekjum almennt meðal heyrnarlausra er sú að störf þau er þessi hópur hefur fengið/sótt í séu

almennt illa launuð og að þeir séu líklegri til þess að vera ekki í fullri vinnu. Þetta er að stórum hluta vegna þess að heyrnarlausir hafa ekki getað nýtt sér skólakerfið til jafns við aðra vegna slælegs framboðs á námi við þeirra hæfi. Á þetta sérstaklega við um grunnnámið sem er ábótavant og nýtist ekki heyrnarlausum til að framdráttar í vinnu.⁷ Þar að auki eiga heyrnarlausir ekki jafn mikla möguleika og aðrir til launahækkunar. Sem dæmi má nefna að aldrei fyrr hefur verið jafnmikið framboð á alls kyns starfstengdum námskeiðum sem geta oft fært þátttakendum launahækkun. Heyrnarlausir geta hinsvegar oft ekki tekið þátt í þessum námskeiðum að jafnmiklu leyti og aðrir vegna erfiðleika við að verða sér út um túlk, en túlkaskortur fyrir heyrnarlausra er mikið vandamál hérlendis. Túlkaskortur er þó ekki stærsti vandinn en hann er sá að lagalegur réttur heyrnarlausra til túlkaþjónustu á einkaréttarsviði er ekki skilgreindur og hefur ekki verið viðurkenndur af stjórnvöldum.⁸ Ríkisstjórnin hefur veitt fé til þessa málaflokks á næstum því á hverju ári frá árinu 1996. Sá gallinn er hinsvegar á að umrætt fé hefur ekki dugað úr árið.^{9,10}


⁷ Hafðís Gísladóttir 2004.

⁸ Hafðís Gísladóttir 2004.

⁹ Valgerður Stefánsdóttir 2004.

¹⁰ Við lokavinnslu þessarar skýrslu samþykkti ríkisstjórnin að hækka fjárframlag til túlkaþjónustu. Samþykkt var tveggja milljóna króna aukafjárveiting til Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra á þessu ári og að fjárveitingin verði framvegis 10 milljónir á ári.


Með samþykkt ríkisstjórnarinnar hefur þeirri óvissu sem ríkt hefur um rétt heyrnarlausra til túlkaþjónustu í daglegu lífi verið eytt og fjármagn tryggt til túlkaþjónustu sem veitt er af Samskiptamiðstöð og af sjálfstætt starfandi túlkum.



Mynd 18. Skipting heyrnarlausra einstaklinga með 150 þúsund krónur eða minni heimilistekjur, m. t. t. hjúskaparstöðu.

3.7. Heimilisaðstoð


Mikill meirihluti aðspurðra fær ekki heimilisaðstoð (77%). Þeir sem þiggja heimilisaðstoð fá hana flestir vegna þrifa (8%). Þá fá 5% aðstoð við þvott, 2% við eldamennsku og 6% við annað.



Mynd 19. Heimilisaðstoð við heyrnarlausna.

Alls 14% giftra segjast fá heimilisaðstoð. Enginn þeirra sem var í sambúð sagðist fá heimilisaðstoð en aftur á móti sögðust 31% þeirra sem eru


einhleypir, ekki í sambúð og ekki í sambandi, fá heimilisaðstoð. Þetta bendir til þess, sem eðlilegt er, að þeir sem eru giftir eða eru í sambúð hafi stuðning frá sínum maka og þ. a. l. færari um að bjarga sér án utanaðkomandi aðstoðar en þeir sem eru einhleypir. Ekki er teljandi munur milli kynjanna þegar kemur að þörf fyrir heimilisaðstoð.



Mynd 20. Hlutfall heyrnarlausra sem fá heimilisaðstoð, m. t. t. hjúskaparstöðu.


3.8. Fjölskylduaðstoð

Alls 71% svarenda sögðust ekki fá fjölskylduaðstoð. Af þeim sem fá fjölskylduaðstoð fengu 4% hana til að eiga samskipti vegna barna í leik- eða grunnskóla, 3% til að aðstoða börn við heimanám, 1% til að eiga samskipti vegna félagsstarfs barna og 8% vegna annars.



Mynd 21. Færð þú fjölskylduaðstoð?

Þegar litið er á þörfina fyrir fjölskylduaðstoð m. t. t. hjúskaparstöðu koma fram svipaðar tölur og við heimilisaðstoðina. Þeir sem eru giftir eða í sambúð hafa minni þörf fyrir fjölskylduaðstoð og eru færari um að bjarga sér án utanaðkomandi aðstoðar en þeir sem eru einhleypir.



Mynd 22. Hlutfall heyrnarlausra sem fá fjölskylduaðstoð, m. t. t. hjúskaparstöðu.

Árið 1988 sögðust 64% þeirra sem tóku afstöðu sjá um heimili sitt sjálfir. Hlutfall þeirra sem sjá um heimili sitt í dag er nokkuð hærra, en sú ályktun er dregin af því að 88% fær ekki fjölskylduaðstoð og 77% fær ekki

heimilisaðstoð. Hér spilar inn í að hærra hlutfall svarenda í könnuninni eru giftir eða í sambúð en árið 1988.


3.9. Önnur fötlun en heyrnarskerðing

Mikill meirihluti (71%) aðspurðra sagðist ekki glíma við aðra fötlun en heyrnarskerðingu. Eftir sitja 29% sem hafa aðra fötlun. Fötlun svarenda er af margvíslegum toga. Af þeim 24 einstaklingum sem sögðust hafa aðra fötlun eru 17 með líkamlega fötlun eða sjúkdóma, sex með andlega fötlun eða sjúkdóma og einn var með bæði líkamlega og andlega fötlun. Í könnuninni 1988 reyndust 16% hafa aðra fötlun en heyrnarskerðingu. Ástæða þess að nær tvöfalt fleiri hafa aðra fötlun en heyrnarskerðingu í könnuninni 2004 er eflaust sú að möguleikar á greiningu fötlunar eru mun betri í dag en fyrir sextán árum. Auk þess er búið að skilgreina ýmsa kvilla sem fötlun sem hefðu ekki verið skilgreindir sem slíkir árið 1988, sbr. þunglyndi. Hvað atvinnuþátttöku þeirra einstaklinga sem glíma við aðra fötlun varðar kemur í ljós að 54% þeirra vinna í könnuninni 2004 en 73% árið 1988. Lægra hlutfall í könnuninni 2004 mætti skýra að hluta til með því að bætur heyrnarlausra hafa hækkað og sjá einstaklingar innan þessa hóps sjá sig m.a. þess vegna sig ekki eins knúna til þess að vera á vinnumarkaðnum.¹¹ Þá er spurning hvort tryggingakerfið hafi ekki einnig áhrif hvað þetta varðar. Með þessu er átt við að hér er um að ræða hóp sem á erfitt með að stunda fulla vinnu og ef fólk fer í hlutastarf er kerfið oft fljótt að refsa fólki með lækkun bóta. Það er því hætt á að sumir meti það svo að það svari ekki kostnaði að fara að vinna.¹²

¹¹ Laila Margrét Arnþórsdóttir 2004.

¹² Hafdís Gísladóttir 2004.

n = 91



Mynd 23. Hlutfall heyrnarlausra sem hafa aðra fötlun en heyrnarskerðingu.

4. Menntun

Í þessum kafla verður leitast við að birta á skýrmerkilegan hátt og túlka niðurstöður þess hluta könnunarinnar er snýr að menntun svarenda.


4.1. Hvaða námi hefur þú lokið?

Flestir aðspurðra (72%) höfðu lokið grunnskólanámi frá Heyrnarleysingjaskólanum, sem seinna varð Vesturhlíðarskóli og er eini leik- og grunnskóli heyrnarlausra og alvarlega heyrnarkertra barna á Íslandi. Sextán prósent höfðu lokið hefðbundnum grunnskóla. Sextán prósent höfðu stúdentspróf, 22% höfðu lokið iðnnámi og 9% lokið háskólanámi. Þá höfðu alls 13% lokið öðru námi. Hafa verður ákveðinn fyrirvara á þessum tölum, sérstaklega um hlutfall þeirra sem lokið hafa háskólanámi. Ástæða þessa er sú að leiða má líkum að því að þeir sem meira menntaður eru séu líklegri til þess að svara könnuninni en þeir sem hafa minni menntun.¹³

Menntunarstig heyrnarlausra er, eins og sést á myndinni hér að neðan, miklu mun lægra en gengur og gerist á Íslandi. Aðalástæða fyrir lágu menntunarstigi er skortur á fullnægjandi grunnmenntun, túlkaskortur og ólæsi. Önnur ástæða er sú að menntun sem í boði er, er ekki sniðin að þörfum hópsins, þ.e. miðast ekki við þennan fyrnefnda lélega grunn. Nauðsynlegt er að menntunartilboð fyrir þennan hóp sé á táknmáli og að kennari sé vel að sér um menningarsamfélag heyrnarlausra.¹⁴

¹³ Hafdís Gísladóttir 2004.

¹⁴ Valgerður Stefánsdóttir 2004.




Mynd 24. Upplýsingar um nám heyrnarlausra.

4.2. Kennsla í grunnskóla

Yfir helmingur aðspurðra sem lokið hafði grunnskólanámi (54%) sagði að kennslan í grunnskólanum hefði verið hefðbundin, þ.e. kennarinn talaði íslensku. Hjá 28% var kennslan blanda af talmáli og táknmáli. Einungis 10% fengu kennslu annað hvort á táknmáli eða með túlki.

Móðurmál heyrnarlausra er táknmál. Börn sem fæðast heyrnarlaus læra ekki íslensku á náttúrulegan hátt því þau heyra ekki. Íslensku læra þau sem ritmál á grundvelli táknmáls. Táknmál var bannað fram undir 1986 við kennslu barna. Eftir 1986 mátti nota stök tákn með íslensku. Síðan þá hefur táknmálið verið að styrkjast innan skólakerfisins. Það er hinsvegar ekki fyrir en raunverulegt tvítyngi kemst á (í framtíðinni) að við getum farið að vonast eftir börnum með góða grunnmenntun frá skóla heyrnarlausra. Í kennslu barna, sem eru heyrnarlaus, merkir tvítyngi að kenna á táknmáli en að ritmálið sé íslenska.¹⁵


¹⁵ Valgerður Stefánsdóttir 2004.



Mynd 25. Kennsla heyrnarlausra í grunnskóla.


4.3. Hefur þú getað nýtt þér þá menntun sem þú hlaust í grunnskóla?

Alls segjast 42% hafa getað nýtt grunnskólamenntun sína mjög eða frekar mikið. Þetta er ekki hátt hlutfall og vekur upp spurningar, m. a. um gæði námsins og hagnýti fyrir heyrnarlausra. Aðeins lægra hlutfall svarenda, eða 41%, segjast hafa frekar eða mjög lítið getað nýtt sér grunnskólamenntun sína.



Mynd 26. Hagnýting grunnskólanáms hjá heyrnarlausum


Þegar horft er til afstöðu til hagnýtingar grunnskólanáms með tilliti til kyns kemur í ljós að stærra hlutfall kvenna finnst sem grunnskólanámið hafi nýst þeim mjög eða frekar mikið í framhaldinu. Lægra hlutfall þeirra er sömuleiðis á því að námið hafi nýst þeim frekar eða mjög lítið.



Mynd 27. Afstaða til hagnýtingar grunnskólanáms hjá heyrnarlausum, m. t. t. kyns.

Langstærstur hluti svarenda, eða 81%, fékk kennslu þar sem kennari talaði einungis íslensku eða notaði táknmál og íslensku í bland. Fróðlegt er að skoða afstöðu til hagnýtingar grunnskólanáms í ljósi þess hvorri af umræddum tveimur kennsluáðferðum var beitt í grunnskóla svarenda. Tæplega helmingur (47%) þeirra sem höfðu kennslu á íslensku svörðu því til að þeir hefðu getað nýtt grunnskólanám sitt mjög eða frekar mikið í framhaldinu. Umhugsunarvert er hinsvegar að heil 37% segjast mjög lítið hafa getað hagnýtt grunnskólanám sitt.


Varðandi svarendur sem fengu kennslu á táknmáli og íslensku eru heil 41% hlutlaus gagnvart því hvort námið hafi nýst þeim betur eða verr í framhaldinu. Þá segja 38% hafa frekar eða mjög lítið getað nýtt sér grunnskólanám sitt. Tuttugu og þrjú prósent segjast hinsvegar hafa getað nýtt sér grunnskólanámið frekar mikið.



Mynd 28. Afstaða heyrnarlausra til hagnýtingar grunnskólakennslu, etir því hvort kennari talaði einungis íslensku eða hvort hann beitti táknmáli og íslensku í bland.

4.4. Ef þú hefur lokið öðru námi en grunnskóla fékkstu þá túlkun í því námi?

Um þriðjungur aðspurðra (32%) sagðist enga túlkun hafa fengið í sínu námi utan grunnskóla. Skortur á túlkum er langvarandi vandi hérlendis sem endurspeglast vafalítið í hlutfalli þess tæpa þriðjungs sem fékk enga túlkun í námi sínu eftir grunnskóla.



Mynd 29. Ef þú hefur lokið öðru námi en grunnskóla fékkstu þá túlkun í því námi?

5. Vinna

Hér verða birtar niðurstöður þess hluta könnunarinnar sem snýr að þátttöku og stöðu svarenda á vinnumarkaði.


5.1. Atvinnuþátttaka

Alls sögðust 70% svarenda vinna í könnuninni 2004 en 30% stundar ekki vinnu, þar af er atvinnuþátttaka 71% meðal karla og 68% meðal kvenna. Þetta er umtalsvert minni atvinnuþátttaka en almennt meðal karla og kvenna á Íslandi en árið 2002 var hún til að mynda 83%, þar af var atvinnuþátttaka karla 87% en kvenna 78%¹⁶. Árið 1988 voru 77% svarenda í vinnu. Leiða má líkur að því að hvati heyrnarlauss fólks til þess að vera á vinnumarkaðnum hafi minnkað í kjölfar þess að úrskurðað var að þeir sem greindir eru heyrnarlausir eru metnir til 75% örorku og fá bætur þar að lútandi.¹⁷ Þegar skoðuð eru tengsl atvinnuþátttöku og hvort svarendur hafa við aðra fötlun að stríða kemur í ljós að 77% þeirra sem ekki hafa aðra fötlun eru á vinnumarkaðnum. Þeir sem hafa hinsvegar aðra fötlun vinna ekki nema í 57% tilvika.

¹⁶ Hagstofa Íslands 2003

¹⁷ Laila Margrét Arnþórsdóttir 2004.

n = 92



Mynd 30. Atvinnuþátttaka heyrnarlausra.

5.2. Fullt starf

Af þeim sem eru á vinnumarkaðnum á annað borð er rétt rúmlega helmingur (51%) sem vinnur fulla vinnu en í könnuninni frá 1988 kemur fram að 68% þeirra sem vinna á annað borð vinna fullan vinnudag. Ástæðan fyrir því að ekki hærra hlutfall vinnur fullan vinnudag nú gæti verið sú að heyrnarlausir eigi erfitt með að fá fulla vinnu og/eða eigi erfiðara með að vinna fulla vinnu. Þá má, eins og áður kom fram, leiða líkum að því að í kjölfar þess að heyrnarlausir voru skilgreindir sem 75% öryrkjar og fengu rétt á örorkubótum minnkaði hvatinn til þess að vinna hjá hluta hópsins. Sumir heyrnarlausra eru í ofanálag með aðra fötun sem gerir þeim enn erfiðara fyrir, bæði með vinnu og annað. Það er því ekki furða þótt réttur til bóta dragi úr atvinnuþátttöku umrædds hóps.¹⁸ Þá eru bæturnar skertar ef tekjurnar fara yfir ákveðið hámark sem getið er um í lögum.¹⁹ Sú staðreynd


¹⁸ Laila Margrét Arnþórsdóttir 2004.

¹⁹ Lög um almannatryggingar nr. 117/1993

gæti líka haft þau áhrif að hærra hlutfall heyrnarlausra eru ekki í fullri vinnu en raun ber vitni.²⁰

Vannýttur möguleiki fyrir heyrnarlausra til þess að vinna fulla vinnu eða allt að því liggur í reglugerð um öryrkjavinnu sem heimilar Tryggingastofnun ríkisins að semja við atvinnurekendur á almennum vinnumarkaði um að ráða til starfa einstaklinga sem njóta örorkubóta.²¹ Í reglugerðinni felst m. a. að Tryggingastofnun endurgreiðir viðkomandi atvinnurekendum samkvæmt vinnusamningi ákveðið hlutfall launa og launatengdra gjalda, en miðað er við örorku viðkomandi. Blikur eru á lofti um að þessi möguleiki verði nýttur frekar á næstu misserum.

n = 75




Mynd 31. Hlutfall heyrnarlausra sem vinna og eru í fullu starfi.

Ekki er mikill munur á atvinnuþátttöku kynjanna, eins og áður hefur komið fram, en 71% karla eru á vinnumarkaðnum en 68% kvenna. Töluvert hærra hlutfall karla sem eru á vinnumarkaðnum og eru í fullri vinnu er hinsvegar mun hærra en meðal kvenna, 60% á móti 38%.

²⁰ Valgerður Stefánsdóttir 2004.

²¹ Reglugerð um öryrkjavinnu nr. 159/1995




Mynd 32. Samanburður á atvinnuþátttöku karla og kvenna.

Eins og áður hefur komið fram er fjölmennasti (61%) hópur svarenda með 150 þúsund krónur eða minni heimilslaun á mánuði. Sé umræddur hópur skoðaður m. t. t. atvinnuþátttöku kemur fram að 60% einstaklinga í hópnum vinna en 40% vinna ekki. Þá ber að geta þess að 66% þess hluta hópsins sem er í vinnu er ekki í fullu starfi svo hér er komin nokkur skýring á lágum heimilslaunum umrædds hóps.

5.3. Starfsvettvangur


Flestir aðspurðra vinna verkamannavinnu eða eru í iðnaði. Í flestum tilvikum er um að ræða láglauastörf og er það í samræmi við könnunina 1988. Ástandið hefur þó batnað að því leyti að heyrnarlausir vinna í dag fjölbreyttari vinnu. Athygli vekur að einn af hverjum fimm vinnur við kennslu. Þá vinna 19% við þjónustustörf af ýmsu tagi.



Mynd 33. Yfirlit yfir vinnu svarenda.

5.4. Vinnur þú fleiri en eina vinnu?

Af þeim svarendum sem eru á vinnumarkaðnum eru 22% sem eru í fleiri en einni vinnu. Karlar eru líklegri til þess að vinna fleiri en eina vinnu en 25% gera slíkt en 19% kvenna.




Mynd 34. Hlutfall heyrnarlausra sem vinna fleiri en eina vinnu.

5.5 Tvö eða fleiri hlutastörf til að ná upp í 100% starf

Af þeim sem eru í fleiri en einni vinnu gera 20% það til þess að ná upp í 100% starfshlutfall.

n = 35




Mynd 35. Hlutfall heyrnarlausra sem vinna fleiri en eitt starf til þess að ná upp í 100% starfshlutfall.

5.6. Starfstími á núverandi vinnustað

Ríflega helmingur (52%) aðspurðra hafði unnið í fimm ár eða lengur á núverandi vinnustað. Hugsanleg skýring á því að svo stór hluti hafi unnið jafn lengi á sama stað er sú að meðalaldur svarenda er fremur hár. Þá er hlutfall karla í könnuninni fremur hátt (55%) en þeir eru líklegri til þess að hafa unnið lengur en fimm ár á núverandi vinnustað, 57% á móti 44% kvenna. Einnig höfðu 24% aðspurðra unnið á sínum núverandi vinnustað í eitt til fimm ár, þar af eru 29% karla og 32% kvenna. Fæstir svarenda, eða

11%, höfðu unnið í sex mánuði eða skemur á núverandi vinnustað.



Mynd 36. Hve lengi hefur þú starfað á þeim vinnustað sem þú ert á núna?

5.8. Lengstur samfelldur starfstími á einum vinnustað

Alls höfðu 59% svarenda lengst unnið í fimm ár samfelld eða lengur á einum og sama vinnustaðnum. Þrjátíu prósent höfðu lengst unnið í eitt til fimm ár samfelld á sama vinnustað. Einungis 10% höfðu hinsvegar lengst unnið innan við ár á sama vinnustað. Þessar upplýsingar leiða líkum að því að heyrnarlausum haldist vel á vinnu. Hugsanlega er ein skýringin á þessu sú heyrnarlausum einstaklingum sem hafa unnið lengi á vinnustað gengur yfirleitt betur í vinnu en þeim sem skipta oft um vinnu. Fyrir vikið eru heyrnarlausir eflaust ekki áfjáðir í að skipta um vinnu.

Stærsta ástæðan hinsvegar fyrir því að vinnuskipti eru fátíðari en 1988 er eflaust sú að samskipti milli heyrandi og heyrnarlausra á vinnustöðum ganga almennt betur en áður. Ef umrædd samskipti ganga vel eru heyrnarlausir vafalítið tregari til þess að skipta um vinnustað. Ástæður þess að samskiptin ganga betur eru m.a. þær að nú er mögulegt að fá tulkþjónustu á vinnustað, sem ekki var hægt 1988. Þá er atvinnuráðgjafi tekinn til starfa hjá Félagi

heyrnarlausra auk þess sem heyrandi starfsmenn geta farið á tákmalnámskeið.²²


Ofangreindar niðurstöður eru töluvert aðrar en komu fram í könnunni 1988 en þær lýstu tíðum vinnuskiptum vegna lágra launa og einangrunar á vinnustað. Hér hefur mest áhrif verkefni sem félagsmálaráðuneytið styrkir Félag heyrnarlausra með en um að ræða stöðu atvinnufulltrúa í félaginu sem er tengiliður heyrnarlausra og atvinnurekenda og er viðkomandi til aðstoðar meðan starfsþjálfun fer fram. Atvinnufulltrúinn sér um að koma á fræðslu í viðkomandi fyrirtæki um t.a.m. samskipti við heyrnarlausra. Heyrnarlausir sem og atvinnurekendur geta alltaf leitað til atvinnufulltrúans um aðstoð og hefur þetta, að mati forsvarsmanna Félags heyrnarlausra, komið í veg fyrir að togstreita myndist vegna misskilnings og erfiðleika í samskiptum. Þar af leiðir eru heyrnarlausir öruggari á sínum vinnustað og vita hvaða væntingar eru gerðar til þeirra.²³

Að lokum má geta þess að vinnustaðir sem þjóna samfélagi heyrnarlausra bjóða nú heyrnarlausu fólki vinnu en á þessum stöðum vinnur tákmalstalandi fólk og oft fleiri heyrnarlausir. Þetta eru til dæmis staðir á borð við Hlíðaskóla, Sólborg, Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, Sólhlið, Félag heyrnarlausra og sambýli fyrir heyrnarlausra. Eðli þessara vinnustaða skýrir einnig af hverju svo hátt hlutfall heyrnarlausra starfar við kennslu. Þá vinna margir í heyrnarlausir Kassagerðinni og Myllunni.²⁴

²² Valgerður Stefánsdóttir 2004.


²³ Hafdís Gísladóttir 2004.

²⁴ Valgerður Stefánsdóttir 2004.



Mynd 37. Hversu lengi hefur þú unnið samfellt á einum vinnustað?


Ekki er mikill munur á lengd samfellds starfstíma í einu og sama fyrirtækinu milli kynja. Þess ber helst að geta að nokkuð stærra hlutfall kvenna en karla hefur unnið lengst í fimm ár samfellt eða lengur á sama vinnustað, 64% gegn 53%.



Mynd 38. Samanburður á hámarks starfstíma heyrnaskertra og heyrnarlausra í fyrirtæki milli kynja.


5.9. Afstaða til þess hvort það sé erfitt að fá vinnu

Nokkuð skiptar skoðanir eru um það meðal svarenda hvort erfitt sé að verða sér út um vinnu. Rúmlega helmingur (61%) svarenda segir að það sé mjög eða frekar erfitt að fá vinnu og þar af segja 38% að það sé mjög erfitt. Önnur 38% segja hinsvegar að það sé ekki svo eða alls ekki erfitt að verða sér úti um vinnu.



Mynd 39. Er almennt erfitt að fá vinnu?


Ekki er merkjanlegur munur á afstöðu kynjanna til þess hvort erfitt sé að fá vinnu. Ef eitthvað er hallast konur frekar að því að það sé erfitt að verða sér úti um vinnu.



Mynd 40. Samanburður milli heyrnarlausra karla og kvenna, m. t. t. afstöðu til þess hvort erfitt sé að verða sér úti um vinnu.

5.10. Líðan í vinnu


Áttatíu og níu prósent svarenda sögðust líða mjög vel eða frekar vel í vinnunni. Það er hinsvegar umhugsunarvert að 11% líður frekar eða mjög illa í vinnunni.



Mynd 41. Hvernig líður þér í vinnunni?

Kynbundinn munur á líðan í vinnu er lítill. Ef eitthvað er hinsvegar líður konum heilt yfir betur í vinnunni en 41% þeirra líður mjög vel í vinnunni,

meðan einungis 32% karlmanna líður mjög vel. Fá hugsanlega frekar vinnu við hæfi.



Mynd 42. Líðan heyrnarlausra í vinnu, samanburður milli kynjanna.

5.11. Líðan tengd vinnu

Svarendur voru beðnir til að taka afstöðu til nokkurra fullyrðinga. Merkja átti við hverja fullyrðingu með því að velja annað hvort S, fyrir sammála, Ó fyrir ósammála.

Varðandi fullyrðinguna *Ég er þátttakandi í liðsheild á vinnustað* sögðust 69% vera sammála henni en 31% ósammála.

Nær allir (98%) sögðust vera sammála fullyrðingunni *Ég veit hvað ég er að gera í vinnunni*.


Þrír fjórðu sögðust sammála fullyrðingunni *Ég hlakka til að fara í vinnuna*. Fjórðungur var henni ósammála.

Áttatíu og eitt prósent segjast vera ósammála fullyrðingunni *Ég kvíði því að fara í vinnuna*. Nítján prósent eru hinsvegar sammála. Það boðar ekki gott að nær einn af hverjum fimm einstaklingum kvíði fyrir því að fara í vinnuna.

Rúmlega fjórir af hverjum fimm (81%) segjast vera sammála fullyrðingunni *Ég er ánægður með samstarfsfólk mitt*. Nítján prósent er það hinsvegar ekki.

Það er nokkuð jafnt hlutfall svarenda sem segist upplifa streitu í vinnunni. Fjörutíu og sex prósent þeirra sem tóku afstöðu sögðust sammála fullyrðingunni *Ég upplifi streitu í vinnunni* en 54% sögðust ósammála.

Í hnotskurn má segja að svo virðast sem heyrnarlausir séu almennt í vinnu sem þeim líður vel í. Nær helmingur (46%) segist hinsvegar upplifa streitu í vinnunni. Rekja má það að stórum hluta til samskiptaleyfis á vinnustað, sem krefst þess að heyrnarlausir þurfa ávallt að vera á tánum í öllum samskiptum til þess að vera vissir um að skilja. Að vera í starfsumhverfi þar sem samskipti eru lítil, stundum eru óvæntar uppákomur, heyrnarlaus einstaklingur er einn í kaffitímum o.s.frv. er streituvaldandi.²⁵ Af þeim hópi sem upplifir streitu í vinnunni eru 40% sem kvíðir því að fara í vinnu.



Mynd 43. Afstaða svarenda til mismunandi fullyrðinga.

²⁵ Hafdís Gísladóttir 2004.


6. Félagslíf

Í þessum kafla verður greint frá og túlkaðar niðurstöður þess hluta könnunarinnar er snýr að félagslífi svarenda.

6.1. Íþróttaiðkun

Þrjátíu og eitt prósent aðspurðra sögðust stunda íþróttir. Lítil munur er á íþróttaiðkun kynjanna en 33% karla segjast stunda íþróttir en 29% kvenna.

n = 30




Mynd 44. Íþróttaiðkun.

6.2. Með hverjum eru íþróttir stundaðar

Af þeim sem stunda íþróttir reglulega segist helmingur stunda íþróttir einn, helmingur með öðrum heyrnarlausum og 30% með heyrandi. Að jafn stór hluti skuli stunda íþróttir einn gæti verið merki um félagslega einangrun en hafa ber í huga að mest stunduðu íþróttir héraðs eru einstaklingsíþróttir. Til að mynda er knattspyrna eina hópíþróttin á lista yfir topp tíu lista yfir tólmstunda- og íþróttaiðkun Íslendinga.²⁶ Það ber því að varast að lesa of mikið í þetta háa hlutfall svarenda sem æfa einir.


²⁶ Menntamálaráðuneytið 1996: 106



Mynd 45. Yfirlit yfir hverja heyrnarlausir stunda íþróttir með.


6.3. Vinir heyrnarlausra

Tæplega helmingur (49%) á bæði heyrnarlausum og heyrandi vini. Þrjátíu og fimm prósent á einungis heyrnarlausum vini en tíu prósent eiga heyrandi vini. Þetta eru töluvert annað en kom fram í könnuninni 1998 en þá sögðust rúmlega 70% svarenda að allir eða flest allir vinir sínir væru heyrnarlausir og tæp 16% sögðust telja að helmingur vina sinna væri heyrnarlaus. Draga má þá ályktun af þessum svörum að heyrnarlausir séu farnir að hafa meiri samskipti við heyrandi hluta þjóðarinnar.



Mynd 46. Einkenni vina heyrnarlausra.


Karlar í umræddum hópi virðast vera einangraðri en konur. Þeir eru líklegri til þess að eiga einungis vini í hópi heyrnarlausra meðan konur eru líklegri til þess að eiga vini meðal bæði heyrandi og heyrnarlausra. Athygli vekur að 9% karla segjast eiga enga vini.



Mynd 47. Einkenni vina heyrnarlausra, samanburður milli kynja.

6.4. Hversu oft hittir þú vini þína?


Fjörutíu prósent aðspurðra sögðust hitta vini sína einu til tvisvar sinnum í viku. Ellefu prósent hitta vini sína daglega en athygli vekur að 29% hitta vini sína einungis einu sinni eða tvisvar í mánuði. Ekki er umtalsverður munur á kynjunum hvað þetta snertir.



Mynd 48. Yfirlit yfir hversu oft svarendur hitta vini sína.

6.5. Ferð þú oft í heimsóknir?


Nær fjórir af hverjum fimm aðspurðum segjast fara oft í heimsóknir. Meira en helmingur (53%) svarenda fer til heyrnarlausra vina og litlu minna hlutfall (46%) fer til ættingja. Þrjátíu prósent fara oft í heimsóknir til heyrandi vina. Þessar niðurstöður eru í nokkru samræmi við þá ályktun sem dregin hefur verið áður að hópur heyrnarlausra sé nokkuð einangraður og hafi mikil samskipti í eigin hópi en frekar lítil við aðra hópa.



Mynd 49. Yfirlit yfir hversu oft heyrnarlausir fara í heimsókn til vina.

6.6. Ef þú ferð oft í heimsóknir, hversu oft ferðu þá?


Yfir helmingur (52%) fer einu til tvisvar sinnum í heimsókn á viku. Mesta athygli vekur að þriðjungur fer einungis einu sinni eða tvisvar í heimsóknir á mánuði.



Mynd 50. Yfirlit yfir hversu oft svarendur fara í heimsóknir.

6.7. Færð þú margar heimsóknir?


Fimmtíu og níu prósent svarenda sögðust frá margar heimsóknir frá heyrnarlausum vinum. Einungis 30% sögðust fá margar heimsóknir frá heyrandi vinum. Fimmtíu og fimm prósent sögðust fá heimsóknir frá ættingjum.




Mynd 51. Yfirlit yfir frá hverjum heyrnarlausir fá heimsóknir.

6.8. Ef þú færð oft heimsóknir færðu þá heimsóknir?

Einungis 3% svarenda sögðust fá heimsóknir daglega. Nær tveir af hverjum fimm (39%) fá heimsóknir einu sinn til tvisvar í viku. Umhugsunarvert er að 43% fá eina til tvær heimsóknir í mánuði. Í könnuninni 1988 voru það 60% sem fengu heimsóknir tvisvar til þrisvar í mánuði eða sjaldnar. Þrjátíu og tvö prósent fengu þá hinsvegar heimsóknir vikulega. Bæði niðurstöður nýju könnunarinnar og þeirrar gömlu benda til töluverðar einangrunar meðal heyrnarlausra, sérstaklega í ljósi þess að 55% umrædds hóps er einhleypur, ekki í sambandi og ekki í sambúð. Hluti hópsins býr að vísu hjá ættingjum og á hugsanlega samskipti innan Félags heyrnarlausra. Umhugsunarvert er að 50% þeirra sem búa einir fá heimsóknir einu sinni eða tvisvar í mánuði. Þessi hópur er nokkuð stór, eða 35% allra þeirra sem fá einungis heimsóknir einu sinni eða tvisvar sinnum í mánuði.



Mynd 52. Yfirlit yfir hversu oft heyrnarlausir fá heimsóknir.




Mynd 53. Yfirlit úr könnun frá 1988 yfir hversu oft heyrnarlausir fá heimsóknir.


Vert er að geta þess að 53% þeirra sem hafa aðra fötlun fá heimsóknir tvisvar sinnum eða sjaldnar í mánuði. Af þeim sem hafa ekki aðra fötlun er þessi tala 43%. Þeir sem fá einu sinni heimsókn eða sjaldnar af þeim sem hafa aðra fötlun eru 29% en samsvarandi tala hjá þeim sem hafa ekki aðra fötlun er 24%.

Helmingur karla fær heimsóknir tvisvar sinnum eða sjaldnar í mánuði og 35% fá heimsókn einu sinni eða sjaldnar í mánuði. Ástandið er betra hjá konum en 36% þeirra fær heimsóknir tvisvar sinnum eða sjaldnar í mánuði og 17% einu sinni eða sjaldnar.

Þegar horft er til aldurs kemur í ljós að 50% þeirra sem fá heimsóknir tvisvar sinnum í mánuði eða sjaldnar eru 40 ára eða eldri. Af þeim sem segjast fá heimsóknir einu sinni eða sjaldnar í mánuði eru 68% eldri en 40 ára. Annars er afar lítill munur á þessum tveimur aldurshópum eins og sjá má á súluritunum hér á næstu síðu.



Mynd 54. Heimsóknir til aldurshópsins 40 ára og eldri meðal heyrnarlausra.




Mynd 55. Heimsóknir til aldurshópsins 20 til 39 ára meðal heyrnarlausra.

Hér skiptir máli '64 árgangurinn.

6.9. Bíósókn

Ríflega helmingur (53%) svarenda segjast sækja kvikmyndahús.


n = 93



Mynd 56. Bíósókn heyrnarlausra.

6.10. Ef já, hversu oft ferðu í bíó?

Af þeim sem fara í bíó fer meirihlutinn (71%) nokkrum sinnum á ári, 16% mánaðarlega og 13% tvisvar í mánuði.




Mynd 57. Yfirlit yfir bíósókn heyrnarlausra.

6.11. Ferðu oft á böll og bari?

Tæplega helmingur aðspurðra (47%) fer oft á böll og bari. Aðeins herra hlutfall karla en kvenna fer oft á böll og bari, 49% á móti 45%.


n = 55



Mynd 58. Ferðir heyrnarlausra á böll og bari.

6.12. Ef já, ferðu oft á böll og bari?

Nær tveir þriðju þeirra sem fara oft á böll og bari fara nokkrum sinnum á ári. Tuttugu og tvö prósent fara mánaðarlega en 12% fara vikulega.




Mynd 59. Tíðni balla- og baraheimsóknna hjá heyrnarlausum..

6.13. Félagsstarf

Svarendur voru spurðir hvort þeir stundi reglulegt félagsstarf með einhverju félagi, t.d. Félagi heyrnarlausra, Lions eða íþróttafélögum. Rétt ríflega

helmingur svarenda (52%) stundar reglulegt félagsstarf. Aðeins hærra hlutfall kvenna stundar félagsstarf en karlar, 54% á móti 50%. Í könnuninni 1988 sögðust 70% aðspurðra taka þátt í félagsstarfi Félags heyrnarlausra og þar að auki sögðust 11% taka þátt í félagsstarfi með heyrandi einstaklingum. Á þessum tölum má sjá að þátttöku í félagsstarfi hjá heyrnarlausum og hefur farið hrakandi. Ýmsu er þar um að kenna og mætti helst benda til stóráukinnar afþreyingarmöguleika, s.s. í fjölmiðlum, sem dregið hafa úr þátttöku í félagsstarfi meðal allra þjóðfélagshópa, þ. á. m. heyrnarlausra.

n = 91




Mynd 60. Reglulegt félagsstarf heyrnarlausra.

6.14. Ferðalög innanlands

Einungis 9% segjast ekki ferðast innanlands og þ. á. l. 91% sem ferðast um landið. Vinsælt er að fara með annað hvort ættingjum (45%) eða heyrnarlausum vinum (43%). Athygli vekur að 17% ferðast einir en í


könnuninni árið 1988 var sama hlutfall 13%.



Mynd 61. Ferðlög heyrnarlausra innanlands.

6.15. Ferðalög erlendis

Stór hluti aðspurðra ferðast erlendis (82%). Sem og með ferðalög innanlands er nokkuð stór hópur (22%) sem ferðast einn í utanlandsferðum. Árið 1988 hafði helmingur aðspurðra farið í ferð til útlanda sl. 12 mánuði en það var hærra hlutfall almennt í þjóðfélaginu. Að meðaltali höfðu aðspurðir þá farið í eina ferð til útlanda sl. 12 mánuði. Ekki var hægt að sjá hvort ferðatíðni hafði aukist frá könnuninni 1988 út frá þeim gögnum sem aflað var með könnuninni 2004.




Mynd 62. Ferðlög heyrnarlausra erlendis.

6.16. Einmanaleiki


Nokkuð sláandi er að rétt tæpur helmingur (49%) aðspurðra segist stundum vera einmana. Sem fyrr gæti þetta verið merki um ákveðna félagslega einangrun en einmanaleiki er ein af birtingarmyndum hennar. Þess ber þó að geta að 44% aðspurðra segjast sjaldan eða aldrei finna til einmanaleika. Ekki eru til samanburðarhæfar tölur við íslenskan almenning en samanburður við samskonar tölur úr norski lífshjúðarannsókn frá 1998 er sérlega athyglisverður. Í umræddri rannsókn kemur fram að 50% Norðmanna segjast aldrei finna til einmanaleika en slíkt hið sama segja einungis 20% aðspurðra í könnun þeirri er þessi skýrsla fjallar um. Þrjátíu prósent frænda vorra segjast sjaldan finna til einmanaleika en 24% svarenda hafa sömu sögu að segja. Mest sláandi er þó, eins og áður sagði, að 49% svarenda segjast stundum finna til einmanaleika en einungis 17% Norðmanna. Loks segjast 4% Norðmanna finna oft til einsemdar en 7% svarenda.²⁷ Af þessum tölum má sjá greinilegan mun benda þær klárlega til þess að einmanaleiki sé mun algengari en gengur og gerist meðal almennings. Ljóst er að þetta er mál sem vert er að skoða betur.

²⁷ Löwe, Torkil (1998).




Mynd 63. Einmanaleiki meðal heyrnaraskertra og heyrnarlausra.

Afar lítill kynbundinn munur er á hvort svarendur séu einmana eða ekki.



Mynd 64. Einmanaleiki heyrnarlausra, samanburður milli kynjanna.

Eins og við var að búast er fólk meira einmana ef það er ekki í sambúð eða gift. Sjá til dæmis að 68% þeirra sem eru einhleypir, ekki í sambúð og ekki í sambandi finna oft eða stundum til einmanaleika.




Mynd 65. Einmanaleiki meðal heyrnarlausra, m. t. t. hjúskaparstöðu.

7. Samskipti í daglegu lífi


Í þessum kafla verða birtar og túlkaðar niðurstöður þess hluta könnunarinnar er snýr að samskiptum svarenda í daglega lífinu.

7.1. Þörf fyrir túlk

Sextíu og þrjú prósent aðspurðra sögðust þurfa túlk að jafnaði einu sinni í mánuði. Ellefu prósent sögðust hinsvegar þurfa túlk oft á dag. Svipað hlutfall eða 10% sögðust þurfa túlkþjónustu daglega í könnuninni 1988. Þá sömuleiðis sögðust 75% þurfa túlk sjaldnar en einu sinni til tvisvar í viku. Að nokkru leyti væri hægt að bera það hlutfall saman við 63% í könnuninni 2004 sem sögðust þurfa túlk að jafnaði mánaðarlega eða sjaldnar.



Mynd 66. Þörf heyrnarlausra fyrir túlk.




Mynd 67. Þörf heyrnarlausra fyrir túlk, niðurstöður út könnun árið 1988.

7.2. Þegar þú þarft á túlki að halda, getur þú þá fengið túlk?

Athygli vekur að 52% segjast ekki alltaf eða sjaldnast geta fengið túlk þegar á þarf að halda. Aðrir segja að auðveldara sé að verða sér út um túlk. Greinilega afar skiptar skoðanir á þessu máli. Sé horft á upplýsingar úr könnuninni árið 1988 þá sögðu 82% svarenda að helsta vandamálið við þjónustu við heyrnarlausra væri skortur á túlkun. Eflaust hefur eitthvað unnist í þessum málaflokki síðan en hann er enn töluvert vandamál miðað við útkomuna úr þessari spurningu.

Heilt yfir má segja að réttur heyrnarlausra til táknmálstúlkunar sé að forminu til vel tryggður er kemur að samskiptum við stjórnvöld, heilbrigðisyfirvöld, stofnanir og skóla. Þar sem þessum formlegu samskiptum sleppir er hinsvegar annað uppi á teningnum.




Mynd 68. Aðgengi heyrnarlausra að túlk.

7.3. Af hverju getur þú ekki fengið túlk?

Flestir (81%) segjast ekki geta fengið túlk vegna þess að það vantar túlka. Þetta rennir stoðum undir það sem áður hefur verið dregið á um skort á túlkum. Nær tveir fimmtu (38%) segjast aftur á mót ekki geta fengið túlk sökum peningaleysis hins opinbera. Einungis 9% telja sig ekki hafa rétt á þjónustu túlka. Hið rétta er þó að heyrnarlausir eiga ávallt rétt á túlkþjónustu ef þeir borga fyrir hana, sbr. úrskurð frá menntamálaráðherra frá 3. ágúst 2004. Þess ber þó að geta að Félag heyrnarlausra hefur sent umboðsmanni Alþingis kvörtun vegna þessa úrskurðar og verður niðurstöðu í því máli sennilega ekki að vænta fyrr en í febrúar 2005.²⁸


²⁸ Hafdís Gísladóttir 2004.



Mynd 69. Ástæður fyrir því að ekki fæst túlkur.

7.4. Notkun SMS

Mikill meirihluti svarenda nýtir sér SMS eða 77%. Hærra hlutfall kvenna en karla nýtir sér SMS, 86% á móti 70%. Af svörunum má ráða að fólk á öllum aldri nýtir sér jöfnum höndum þennan samskiptamöguleika.




Mynd 70. Notkun heyrnarlausra á SMS.

7.5. Notkun tölvu

Sama og með SMS nota nær fjórir af hverjum fimm (76%) svarenda sér tölvu. Konur eru líkt og við SMS-skilaboðin, virkari við að nota sér tölvuna en 80% þeirra gerir slíkt á móti 74% karla. Líkt og með SMS nota svarendur á öllum aldri sér tölvur.


n = 92



Mynd 71. Tölvunotkun heyrnarlausra.

7.6. Ef já, hvernig þá mest?

Af þeim sem nota tölvu segjast ríflega helmingur nota tölvur til þess að lesa tölvupóst og sama má segja um það að fara á Netið. Einnig notar töluvert stór hluti (42%) sér tölvur til þess að fara á MSN. Einungis 10% aðspurðra notar tölvuna við nám.




Mynd 72. Yfirlit tölvunotkun heyrnarlausra.

8. Fjölmiðlanotkun

Í þessum kafla verður reynt að varpa mynd á fjölmiðlanotkun svarenda út frá niðurstöðum könnunarinnar.


8.1. Blaða- og bókalestur

Þegar horft er á blaða- og bókalestur þá lesa 90% svarenda dagblöð enda gegna þau veigamiklu hlutverki fyrir heyrnarlausra er kemur að fréttafloftningi og dægurmálum. Aðrir fréttamiðlar nýtast þeim lítt ef frá eru taldir netmiðlar og svo auðvitað tákn málsfréttir Ríkissjónvarpsins. Meira en helmingur (54%) aðspurðra les bæði dagblöð og bækur. Þó eru 36% sem lesa eingöngu dagblöð að jafnaði.



Mynd 73. Lestur heyrnarlausra.


Áberandi fleiri konur en karlar lesa bæði bækur og dagblöð, 71% á móti 39%. Karlar virðast gjarnari til þess að halda sig við lestur dagblaða eingöngu en það gera 49% á móti 21% kvenna.



Mynd 74. Lestur heyrnarlausra, samanburður milli kynjanna.

8.2. Viðhorf til lesturs


Svarendur voru beðnir um að merkja við nokkrar fullyrðingar er varða lestur. Miklum meirihluta, eða 82% finnst setningin *Mér finnst mjög gaman að lesa* eða *Mér finnst frekar gaman að lesa* passa best við sig. Mun hærra hlutfall kvenna finnst mjög gaman að lesa en körlum, 61% á móti 34%. Hærra hlutfalli karla finnst hinsvegar frekar gaman að lesa en konum, 39% gegn 32%.



Mynd 75. Afstaða heyrnarlausra til lestrar.


8.3. Þekkingar- og upplýsingaveitur

Það er afar mismunandi hvaðan svarendur telja sig fá nýja þekkingu og upplýsingar. Um þriðjungur segir það fá nýja þekkingu í skóla og sama má segja um vinnu. Fjörutíu prósent segjast hinsvegar fá sína þekkingu frá öðrum þekkingar- og upplýsingaveitum en gefnir eru upp í svarmöguleikunum.



Mynd 76. Þekkingar- og upplýsingaveitur heyrnarlausra.


Þegar horft er á skiptingu þeirra þátta sem svarendur nefndu til sögunnar í öðrum upplýsingaveitum kemur í ljós að flestir, eða 38%, fá upplýsingar frá fjölskyldu, ættingjum eða vinum. Þá segjast heil 54% fá þekkingu sína úr fjölmiðlum, þar af 21% af Netinu.



Mynd 77. Aðrar þekkingar- og upplýsingaveitur heyrnarlausra.

8.4. Sjónvarpsáhorf


Það ætti ekki að koma neinum á óvart að 99% svarenda sögðust horfa á sjónvarp enda er það í takt við tíðarandann að það er vart til sá einstaklingur sem ekki horfir á sjónvarp.



Mynd 78. Sjónvarpsnotkun heyrnarlausra.

8.5. Sjónvarpsefni

Flestir eða 87% sögðust horfa á erlent efni með texta, 77% sögðust horfa á íslenskt efni með texta en 25% horfðu á íslenskt efni sem er túlkað. Varðandi íslenskt sjónvarpsefni sem er túlkað ber að geta þess að aðeins er um einn dagskrárlið að ræða, þ.e. framboðsumræður vegna kosninga og er alla jafna einungis á dagskrá á fjögurra ára fresti.




Mynd 79. Sjónvarpsáhorf heyrnarlausra, eftir dagskrárefni.

8.6. Táknmálsfréttir

Táknmálsfréttir Ríkissjónvarpsins njóta nokkurrar hylli meðal svarenda en 83% svarenda segjast horfa á þær. Hlutfall kvenna og karla sem segjast horfa á táknmálsfréttir er einnig hvort um sig 83%. Athygli vekur hinsvegar að áhorfið skuli ekki vera meira þar sem í rauninni er um að ræða eina dagskrárliðinn í sjónvarpi sem beint er sérstaklega til heyrnarlausra. Hafa ber þó í huga að táknmálsfréttir eru sendar út rétt fyrir kl.18:00 á virkum dögum. Fjölskyldufólk meðal heyrnarlausra er í mörgum tilvikum ekki komið heim eða er upptekið við matseld eða annað á þessum tíma, rétt eins og annað fjölskyldufólk. Þetta hefur klárlega áhrif á áhorf táknmálsfrétta. Hafa ber einnig í huga að fólk almennt, þar á meðal heyrnarlausir, notar í auknum mæli í dag aðra miðla, s. s. Netið, til þess að afla sér upplýsinga og þ.á.m. fréttar.

n = 87




E

kki er hægt að greina sérstakan aldurstengdan mun er á áhorfi á táknmálsfréttir.

Mynd 80. Áhorf heyrnarlausra á táknmálsfréttir.

8.7. Áhorf á táknmálsfréttir

Þeir sem horfa á táknmálsfréttir segjast flestir (68%) horfa daglega eða nokkrum sinnum í viku á þær. Fimmtán prósent segjast horfa nokkrum sinnum í mánuði og 17% sjaldnar.



Mynd 81. Áhorf heyrnarlausra á táknmálsfréttir.

9. Niðurlag

Þegar niðurstöður könnunarinnar eru dregnar saman má álykta að heyrnarlausir hér á landi sé hópur sem býr við ákveðna félagslega einangrun, sér í lagi karlmennirnir. Sem áður hefur hópurinn mikil samskipti innbyrðis. Talað er um menningu heyrnarlausra eða menningu Döff en heyrnarlausir líta á sig sem mál-og menningarminnihlutahóp.

Samskipti hópsins við heyrandi einstaklinga hafa þó aukist mikið og þ. a. l. hefur dregið úr þessari einangrun í kjölfar aukins áhuga almennings á að læra táknmál, aukinna réttinda heyrnarlausra, aukins framboðs textaðs efnis í sjónvarpi og tækni framfara, s. s. tilkomu smáskilaboða í farsímum (SMS) og tölvum (MSN).

Stór hluti heyrnarlausra (55%) er einhleypur en samsvarandi hlutfall allra Íslendinga er 28%. Hafa ber þó í huga að hlutfall einhleypra meðal umrædds hóps var 73% í könnuninni 1988 þannig að umrædd einangrun hefur verið rofin að einhverju leyti.

Barneignir hafa stóraukist meðal heyrnarlausra frá könnuninni 1988 en 56% aðspurðra eiga börn. Til samanburðar sögðust 30% aðspurðra eiga börn í könnuninni 1988. Má rekja þessa þróun til bættrar réttindastöðu hópsins og minni einangrunar. Tekið skal fram að hinn stóri '64 árgangur meðal svarenda hefur hér nokkur áhrif en 65% hans sagðist eiga börn í könnuninni. Sé ekki tekið tillit til '64 árgangsins eiga þó 54% aðspurðra börn í könnuninni þannig að áhrif '64 árgangsins eru ekki eins mikil og ætla mátti.

Flestir svarenda búa einir (28%) eða við annan mann (25%). Fyrri talan lýsir svipuðu ástandi og 1988 en þá bjuggu einnig 28% aðspurðra einir á heimili. Þess má geta að 64% þeirra svarenda sem búa einir eru karlmenn, en það rennir stoðum undir það að karlmenn innan umrædds hóps búi við hvað mestu félagslegu einangrunina.

Flestir svarenda búa í eigin húsnæði eða 66%. Alls búa 21% í leiguhúsnæði en 13% búa hjá foreldrum eða ættingjum. Árið 1988 áttu 39% svarenda heima í eigin húsnæði og 13% leigðu. Ástæðu þess að fleiri búa í eigin húsnæði má rekja til þess að almennt býr hærra hlutfall Íslendinga í eigin húsnæði í dag samanborið við 1988. Það er auðveldara í dag fyrir fólk að verða sér út um húsnæðislán og þ. a. l. einfaldara að vera eignast eigið

húsnæði. Þá er einnig hinn stóri 1964 árgangur, sem greint var frá áður, búinn að koma sér þaki yfir höfuðið og það getur skipt máli í þessu sambandi þar sem um jafn fjölmennan hóp er að ræða.

Sextíu og eitt prósent heimila aðspurðra hafa 150 þúsund krónur eða minna í heildartekjur á mánuði. Hæst hlutfall heimila, eða 33%, hefur innan við 100 þúsund krónur í heildartekjur og 28% hafa á milli 101 og 150 þúsund krónur í heildartekjur á mánuði. Þegar leitað er skýringa á lágum heimilistekjum kemur í ljós að 43% þeirra svarenda, sem koma frá heimilum með 150 þúsund krónur eða minni heimilistekjur á mánuði, hafa aðra fötlun auk heyrnarskerðingarinnar. Fjörutíu prósent þessa hóps er sömuleiðis ekki á vinnumarkaðnum. Önnur skýring á lágum tekjum almennt meðal heyrnarlausra er sú að störf þau er þessi hópur hefur fengið/sótt í séu almennt illa launuð og að þeir séu líklegri til þess að vera ekki í fullri vinnu. Þá ber að geta þess að vel launuð störf standa heyrnarlausum oft ekki til boða sökum slæmrar menntunarstöðu.

Heyrnarlausir sjá almennt um heimili sitt sjálfir, án utanaðkomandi aðstoðar. Árið 1988 sögðust 64% þeirra sem tóku afstöðu sjá um heimili sitt sjálfir. Hlutfall þeirra sem sjá um heimili sitt í dag er nokkuð hærra, en sú ályktun er dregin af því að 88% sagðist í könnuninni 2004 ekki fá fjölskylduaðstoð og 77% ekki fá heimilisaðstoð.

Mikill meirihluti (71%) aðspurðra sagðist ekki glíma við aðra fötlun en heyrnarskerðingu. Eftir sitja 29% sem hafa aðra fötlun. Í könnuninni 1988 reyndust 16% hafa aðra fötlun en heyrnarskerðingu. Ástæða þess að nær tvöfalt fleiri hafa aðra fötlun en heyrnarskerðingu í könnuninni 2004 er eflaust sú að möguleikar á greiningu fötlunar eru mun betri í dag en fyrir sextán árum. Auk þess er búið að skilgreina ýmsa kvilla sem fötlun sem hefðu ekki verið skilgreindir sem slíkir árið 1988.

Menntunarstig heyrnarlausra er miklu mun lægra en gengur og gerist á Íslandi. Ástæðan er að stærstum hluta sú að lítið framboð hefur verið á menntun sem sniðin er að þörfum þessa hóps, sérstaklega grunnmenntun, og skiptir þar miklu máli viðtækur skortur á tálkaþjónustu.

Alls sögðust 70% svarenda vinna en þetta er umtalsvert minni atvinnuþátttaka en gengur og gerist hérlendis. Atvinnuþátttaka hópsins hefur lækkað úr 77% frá árinu 1988 og má rekja það að hluta til aukinni réttinda heyrnarlausra til bóta. Þeir svarendur sem hafa aðra fötlun en heyrnarskerðingu vinna ekki nema í 57% tilvika. Tryggingakerfið hefur hér

einnig áhrif því bætur fólks lækka ef viðkomandi fer í hlutastarf og meta sumir það svo að það svari ekki kostnaði að ráða sig í vinnu.

Heyrnarlausum helst vel á vinnu. Þetta er mikil breyting frá könnunni 1988 en niðurstöður hennar sýndu mikil vinnuskipti vegna lágra launa og einangrunar á vinnustað. Það sem meira er líður þessum hópi almennt vel í vinnu. Stór hluti svarenda (46%) segist upplifa streitu í vinnunni en streitan stafar oftast en ekki af samskiptaleyfi á vinnustað.

Tæplega helmingur aðspurðra á bæði heyrnarlausum og heyrandi vini. Þetta er nokkuð annað en í könnuninni 1998 en þá sögðust rúmlega 70% svarenda að allir eða flest allir vinir sínir væru heyrnarlausir. Draga má þá ályktun af þessum svörum að heyrnarlausir hafi meiri samskipti við hóp hinna heyrandi en áður. Hluta af því má skýra með því að fleiri heyrandi einstaklingar kunna táknmál en áður.

Túlkaskortur fyrir heyrnarlausum er greinilega enn mikið vandamál hérlendis. Nokkuð hefur þó unnist í þessum málaflokki betur má ef duga skal.

Nokkuð sláandi er að rétt tæpur helmingur (49%) aðspurðra segist stundum vera einmana. Sem fyrr gæti þetta verið merki um ákveðna félagslega einangrun. Þess ber þó að geta að 44% aðspurðra segjast sjaldan eða aldrei finna til einmanaleika. Ekki eru til samanburðarhæfar tölur fyrir íslenskan almenning en samanburður við tölur úr norskri lífshjúðarannsókn rennir stoðum undir að tölur um einmanaleika meðal heyrnarlausra séu sláandi háar og ákveðið áhyggjuefni.

Heyrnarlausir fullnægja upplýsinga- og fréttapörf sinni með lestri dagblaða en 90% þeirra lesa dagblöð. Einnig virðist Netnotkun vera útbreidd meðal hópsins.

Áhorf á táknafréttir er mikið hjá heyrnarlausum en þó ekki eins mikið og ætla mætti sé haft í huga að táknafréttir eru eini dagskrárliðurinn í sjónvarpi sem beint er sérstaklega að heyrnarlausum. Hafa ber þó í huga að heyrnarlausir nota sér mikið aðra fjölmiðla til upplýsingaöflunar og má þar helst nefna dagblöð og Netið.

10. Heimildir

Hagstofa Íslands (2003). *Landshagir 2003*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Hafdís Gísladóttir, framkvæmdastjóri Félags heyrnarlausra (23. ágúst 2004). *Um félagslega stöðu heyrnarlausra*. Munnleg heimild.

Lög um almannatryggingar nr. 117/1993.

Laila Margrét Arnþórsdóttir, fræðslufulltrúi Félags heyrnarlausra (15. júlí 2004). *Um félagslega stöðu heyrnarlausra*. Munnleg heimild.

Löwe, Torkil (1998). *Livskvalitet og syn på fremtiden blant norske gårdbrukere*. Noregur: Statistik sentralbyrå.

Menntamálaráðuneytið (1996). *Tölfræðibók um menntun og menningu*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.


Reglugerð um örorkumat nr. 379/1999.

Reglugerð um öryrkjavinnu nr. 159/1995


Valgerður Stefánsdóttir, forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra (6. september 2004). *Um félagslega stöðu heyrnarlausra*. Munnleg heimild.

11. Viðauki


11.1. Samanburður á könnunum 1988 og 2004




Mynd 82. Kynjahlutfall svarenda í könnun 2004 og könnun 1988.




Mynd 83. Hjúskaparstaða svarenda í könnun 2004 og 1988.




Mynd 84. Barneignir heyrnarlausra í könnun 2004 og 1988.




Mynd 85. Fjöldi á heimili heyrnarlausra í könnun 2004 og 1988.




Mynd 86. Búsetumáti heyrnarlausra í könnun 2004 og 1988.




Mynd 87. Önnur fötlun meðal heyrnarlausra í könnun 2004 og 1988.



Mynd 88. Atvinnuþátttaka heyrnarlausra í könnun 2004 og 1988.



Mynd 89. Hlutfall þeirra svarenda sem eru í fullu starfi af þeim sem vinna í könnun 2004 og 1988.



Mynd 90. Hlutfall svarenda sem vinna tvö eða fleiri störf í könnun 2004 og 1988.

11.2. Spurningalisti

Vinsamlegast merkið aðeins við eitt svar við hverri spurningu, nema þar sem annað er tekið fram.

I. Hluti - Bakgrunnur

1 Kyn ?

Karl

Kona

2 Fæðingarár ? _____

3 Hjúskaparstaða ?

Er gift/-ur

Er í sambúð

Er í sambandi en ekki í sambúð

Er einhleyp/-ur, ekki í sambúð og ekki í sambandi

4 Átt þú barn/börn ?

Já

Nei

5 Hversu margir búa á þínu heimili að þér meðtöldum? _____

6 Hverjir búa á heimili þínu, fyrir utan þig ? (Merktu við öll atriði sem passa við þínar aðstæður)

Foreldrar mínir

Systkini mín

- Maki minn
- Barn/börn mín á aldrinum 0-5 ára
- Barn/börn mín á grunnskólaaldri (6-16 ára)
- Barn/börn mín á framhaldsskólaaldri (17-20 ára)
- Aðrir, hverjir þá _____

7 Hvernig býrð þú ?

- Bý í eigin húsnaði
- Bý í leiguhúsnaði
- Bý hjá foreldrum/ættingjum

8 Hver eru heildarlaun heimilis þíns á mánuði, áður en skattur er tekinn?

- 100 þúsund krónur eða minna
- 101-150 þúsund krónur
- 151-200 þúsund krónur
- 201-250 þúsund krónur
- 251-300 þúsund krónur
- 301-350 þúsund krónur
- 351-400 þúsund krónur
- 401 þúsund krónur eða meira

9 Færð þú heimilisaðstoð ? (Vinsamlega merktu við öll atriði sem passa við þig)

- Nei
- Já, við þrif
- Já, við eldamennsku
- Já, við þvotta
- Já, við _____

10 Færð þú fjölskylduaðstoð ? (Vinsamlega merktu við öll atriði sem passa við þig)

- Nei
- Já, til að eiga samskipti vegna leikskóla- eða skólagöngu barna
- Já, til að aðstoða börn við heimanám
- Já, til að eiga samskipti vegna félagsstarfs barna
- Já, til að _____

11 Glímir þú við aðra fötlun en heyrnarskerðingu ?

- Nei
- Já, þá hverja _____

II. Hluti - Nám

12 Hvaða námi hefur þú lokið? (Vinsamlega merktu við allt sem passar við þig)

- Grunnskólanámi
 - Frá almennum grunnskóla
 - Frá Heyrnleysingjaskólanum eða Vesturhlíðaskóla
- Framhaldsskólanámi – stúdentspróf
- Iðnnámi
- Háskólanámi
- Öðru námi, þá hvaða? _____

13 Hvernig var kennslan þegar þú varst í grunnskóla?

- Á íslensku með túlki
- Á táknmáli
- Kennari talaði íslensku
- Blanda af táknmáli og íslensku

14 Hefur þú getað nýtt þér þá menntun sem þú hlaut í grunnskóla áfram (t.d. í áframhaldandi nám eða í daglegu lífi)?

- Já, mjög mikið
- Já, frekar mikið
- Hvorki né
- Nei, frekar lítið
- Nei, mjög lítið

15 Ef þú hefur lokið öðru námi en grunnskóla fékkstu þá túlkun í því námi?
(Vinsamlega merktu við öll atriði sem eiga við þig)

- Já, í framhaldsskóla
- Já, í iðnskóla
- Já, í háskóla
- Já, í öðrum skóla
- Nei, fékk enga túlkun
- Nei, hef ekki lokið öðru námi

III. Hluti - Vinna

16 Stundar þú vinnu?

- Já
- Nei

17 Ef þú stundar vinnu ert þú í fullu starfi ?

- Já
- Nei
- Ef nei, hvert er starfshlutfall þitt í %? _____

- 18 Við hvað vinnur þú? _____
- 19 Vinnur þú fleiri en eina vinnu?
- Já, hlutastarf á tveim eða fleiri stöðum
 - Nei
- 19a Ef já, vinnur þú tvö eða fleiri hlutastörf til að ná upp í 100% starf?
- Já
 - Nei
- 20 Hve lengi hefur þú starfað á þeim vinnustað sem þú ert á núna?
- 0-6 mánuði
 - 6-12 mánuði
 - 1-5 ár
 - 5 ár eða lengur
- 21 Hversu lengi hefur þú lengst unnið samfellt á einum vinnustað ?
- 0-6 mánuði
 - 6-12 mánuði
 - 1-5 ár
 - 5 ár eða lengur
- 22 Er almennt erfitt að fá vinnu ?
- Já mjög
 - Já frekar
 - Nei ekki svo
 - Nei alls ekki

23 Hvernig líður þér í vinnunni ?

- Mjög vel
- Frekar vel
- Frekar illa
- Mjög illa

24 Vinsamlega taktu afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga, merktu við hverja fullyrðingu með því að velja annað hvort S, fyrir sammála, eða Ó fyrir ósammála. S Ó

- a. Ég er þátttakandi í liðsheild á vinnustað
- b. Ég veit hvað ég á að gera í vinnunni
- c. Ég hlakka til að fara í vinnuna
- d. Ég kvíði fyrir að fara í vinnuna
- e. Ég er ánægð/ur með samstarfsfólk mitt
- f. Ég upplifi streitu í vinnunni

IV. Hluti - Félagslíf

25 Stundar þú einhverjar íþróttir reglulega ?

- Já
- Nei

25a Ef já, er það þá íþróttaiðkun:

- Ein/n
- Með öðrum heyrnarlausum
- Með heyrandi

26 Eru vinir þínir flestir ?

- Heyrnarlausir
- Heyrandi

Bæði heyrnarlausir og heyrandi

27 Hversu oft hittir þú vini þína?

- Daglega
- 3-4 sinnum í viku
- 1-2 í viku
- 2 í mánuði
- 1 sinni í mánuði eða sjaldnar

28 Ferð þú oft í heimsóknir ? (merktu við allt sem á við)

- Já, til heyrnarlausra vina
- Já, til heyrandi vina
- Já, til ættingja
- Nei

29 Ef þú ferð oft í heimsóknir ferðu þá:

- Daglega
- 3-4 sinnum í viku
- 1-2 í viku
- 2 í mánuði
- 1 sinni í mánuði eða sjaldnar

30 Færð þú margar heimsóknir ? (merktu við allt sem á við)

- Já, frá heyrnarlausum vinum
- Já, frá heyrandi vinum
- Já, frá ættingjum
- Nei

31 Ef þú færð oft heimsóknir færðu þá heimsóknir:

- Daglega
- 3-4 sinnum í viku
- 1-2 í viku
- 2 í mánuði
- 1 sinni í mánuði eða sjaldnar

32 Ferð þú í bíó ?

- Já
- Nei

32a Ef já, hversu oft ferðu í bíó?

- Vikulega
- Tvisvar í mánuði
- Mánaðarlega
- Nokkrum sinnum á ári

33 Ferð þú á böll og bari?

- Já
- Nei

33a Ef já, hversu oft ferðu á böll og bari?

- Vikulega
- Mánaðarlega
- Nokkrum sinnum á ári

34 Stundar þú reglulegt félagsstarf með einhverju félagi t.d. Félagi heyrnarlausra, Lions eða íþróttafélögum?

- Já

Nei

35 Ferð þú í ferðalög um Ísland ? (Merktu við öll þau atriði sem passa við þig)

- Já, og ferðast einn
- Já, með ferðafélaga sem er heyrandi vinur
- Já, með ferðafélaga sem er heyrnarlaus vinur
- Já, með ferðafélaga sem er ættingi
- Nei

36 Ferð þú í ferðalög erlendis ? (Merktu við öll þau atriði sem passa við þig)

- Já, og ferðast einn
- Já, með ferðafélaga sem er heyrandi vinur
- Já, með ferðafélaga sem er heyrnarlaus vinur
- Já, með ferðafélaga sem er ættingi
- Nei

37 Finnst þér þú vera einmana ?

- Já, oft
- Já, stundum
- Nei, sjaldan
- Nei, aldrei

V. Hluti - Samskipti í daglegu lífi

38 Hversu oft heldur þú að þú þurfir að meðaltali á túlki að halda ?

- Oft á dag
- Einu sinni á dag
- 2-4 sinnum í viku
- Einu sinni í viku

- 2-3 í mánuði
- Mánaðarlega eða sjaldnar

39 Þegar þú þarft á túlki að halda, getur þú þá fengið túlk ?

- Já, nánast alltaf
- Já, yfirleitt
- Nei, ekki alltaf
- Nei, sjaldnast

40 Af hverju getur þú ekki fengið túlk?

- Vantar túlka
- Vantar peninga
- Á ekki rétt á túlki

41 Notar þú SMS?

- Já
- Nei

42 Notar þú tölvu ?

- Já
- Nei

42a Ef já, hvernig þá mest ?

- Sem síma
- Í vinnu
- Í skóla
- Til að lesa tölvupóst
- Netíð
- MSN

Annað

VI. Hluti - Fjölmiðlanotkun

43 Lest þú:

- Bækur
- Dagblöð
- Bæði bækur og dagblöð
- Les ekki

44 Merktu við setninguna sem passar best við þig:

- Mér finnst mjög gaman að lesa
- Mér finnst frekar gaman að lesa
- Mér finnst frekar leiðinlegt að lesa
- Mér finnst mjög leiðinlegt að lesa

45 Hvar færð þú nýja þekkingu og upplýsingar?

- Í skóla
- Í vinnu
- Á námskeiðum
- Í Félagi heyrnarlausra
- Annars staðar þá hvar _____

46 Horfir þú á sjónvarp ?

- Já
- Nei

46a Ef já, á hvaða sjónvarpsefni horfir þú ?

- Íslenskt efni með texta

- Íslenskt efni sem er túlkað
- Erlent efni með texta

47 Horfir þú á táknmálsfréttir ?

- Já
- Nei

47a Ef já, hversu oft horfir þú á táknmálsfréttir ?

- Daglega
- Nokkrum sinnum í viku
- Nokkrum sinnum í mánuði
- Sjaldnar

Kærar þakkir fyrir þátttökuna